



# Rán á Íslandi 1999 til 2004

Úttekt á gögnum lögreglu

**Auðbjörg Björnsdóttir**



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN  
RÁN Á ÍSLANDI 1999 TIL 2004

---

AUÐBJÖRG BJÖRNSDÓTTIR  
SVIÐ 4

Júní 2005

Útgefandi: Ríkislögreglustjórinn  
Svið 4

[www.rls.is](http://www.rls.is)

[www.logreglan.is](http://www.logreglan.is)

Útgefið í júní 2005

## Efnisyfirlit

|   |           |
|---|-----------|
| <b>FORMÁLI</b> .....                                  | <b>4</b>  |
| <b>HELSTU NIÐURSTÖÐUR</b> .....                       | <b>5</b>  |
| <b>HLUTI 1. FRÆÐILEG UMRÆÐA</b> .....                 | <b>7</b>  |
| SKYNSEMI (E. <i>RATIONAL CHOICE</i> ).....            | 8         |
| LÍFSSTÍLSKENNINGIN (E. <i>ROUTINE ACTIVITY</i> )..... | 9         |
| RÁN.....  | 10        |
| <b>HLUTI 2. AÐFERÐIR OG GÖGN</b> .....                | <b>13</b> |
| <b>HLUTI 3. NIÐURSTÖÐUR: RÁN Á ÍSLANDI</b> .....      | <b>15</b> |
| EÐLI RÁNA Á ÍSLANDI.....                              | 17        |
| HVERJIR FREMJA RÁN?.....                              | 20        |
| HANDTEKINN/KÆRÐUR.....                                | 22        |
| ÁSTAND RÆNINGJA.....                                  | 23        |
| TEGUND RÆNINGJA.....                                  | 27        |
| FRAMKVÆMD RÁNS.....                                   | 30        |
| FÓRNARLÖMB RÁNA.....                                  | 37        |
| RÁN Í REYKJAVÍK.....                                  | 42        |
| EÐLI RÁNA.....  | 44        |
| EINSTAKLINGAR.....                                    | 45        |
| FÓRNARLÖMB RÆNINGJA.....                              | 45        |
| <b>HLUTI 4. LOKAORÐ OG UMRÆÐA</b> .....               | <b>47</b> |
| VIÐAUKI 1: BREYTUR.....                               | 50        |
| VIÐAUKI 2.....  | 51        |
| <b>MYNDASKRÁ</b> .....                                | <b>52</b> |
| <b>TÖFLUSKRÁ</b> .....                                | <b>53</b> |
| <b>KORTASKRÁ</b> .....                                | <b>53</b> |
| <b>HEIMILDASKRÁ</b> .....                             | <b>54</b> |

## Formáli

Á síðustu misserum hefur umræða um rán farið vaxandi í samfélaginu, ekki síst í kjölfar nokkurra bankarána sem framin voru á árunum 2003 og 2004. Í ljósi umræðunnar ákvað embætti ríkislögreglustjóra að láta skoða þessi mál nánar einkum með tilliti til þess hvort breytingar hafi átt sér stað á síðustu árum. Ákveðið var að ráða til verksins Auðbjörgu Björnsdóttur nema í rannsóknartengdu MA námi í félagsfræði við Háskóla Íslands en skýrslan er jafnframt hluti af lokaverkefni hennar. Um mjög ítarlega úttekt er að ræða sem gefur góða mynd af þróun rána frá 1999 til 2004. Það er von okkar að skýrslan muni nýtast lögreglu við störf sín og veita öðrum betri innsýn inn í þessi mál.

Reykjavík, júní 2005

Guðmundur Guðjónsson yfirlögregluþjónn

Rannveig Þórisdóttir félagsfræðingur

## Helstu niðurstöður

- Fjöldi tilkynntra rána á Íslandi hefur haldist frekar stöðugur frá 1999 til 2004, eða að meðaltali 36 rán á ári.
- Flest rán voru framin um helgar. Þó hefur ránum fjölgað á virkum dögum.
- Flest rán voru framin á kvöldin en þeim hefur þó fjölgað á morgnana.
- Bankarán komu ekki við sögu á tímabilinu fyrr en árin 2003 og 2004 en þá voru þau samtals 11.
- Hæsta fjárhæðin sem fékkst úr ráni var 1,7 milljónir króna. Fjárhæðir í ránum hækkuðu mikið með tilkomu bankarána á seinustu tveimur árum.
- Á tímabilinu voru 40,5% allra rána verslunar- eða sjoppurán. Fjöldi þessara rána var tiltölulega stöðugur seinustu ár.
- Flest rán á tímabilinu (42,3%) voru framin á opnum svæðum og eftir stutt kynni fórnarlamb og ræningja. Þó voru rán á opnum svæðum um helmingi færri á árinu 2004 en á árinu 2003.
- Rán í heimahúsum voru ekki framin á hverju ári á tímabilinu en flest voru þau fjögur á einu ári.
- Pítsusendlarán komu ekki við sögu á hverju ári. Þau voru 16 á öllu tímabilinu. Það lítur út fyrir að heldur hafi dregið úr þessum ránum í seinni tíð.
- Að meðaltali voru tveir árásaðilar í hverju ráni.
- Konur voru um 2% allra ræningja.
- Meðalaldur allra ræningja var 23,3 ár.
- Fíkla- og drykkjuræningjar (e. *addicts and alcoholic robbers*) voru stærsti hópurinn á tímabilinu.
- Algengasta ástæðan fyrir ránum, samkvæmt því sem ræningjarnir sjálfir sögðu, var sú að þeir voru drukknir eða undir áhrifum fíkniefna. Þar á eftir voru fíkniefnaskuldir nefndar sem ástæða.
- Ræningjarnir ætluðu flestir að eyða ránsfengnum í fíkniefni, annaðhvort með því að kaupa sér fíkniefni eða að borga fíkniefnaskuldir.
- Af þeim sem gáfu upp ástand sitt var meirihluti ræningja undir áhrifum vímuefna þegar þeir frömdu rán. Í flestum tilfellum vegna áfengisneyslu.
- Í 45% rána sem framin voru á tímabilinu huldu ræningjar andlit sitt. Á seinustu árum fjölgaði þeim ránum þar sem ræningjar voru með hulið andlit.

- Í 72% tilvika voru rán framin án þess að ræningjarnir hótuðu fórnarlömbunum. Í 51% ránstilvika var ofbeldi beitt.
- Vopn voru meðferðis í 56% ránsmála og var hnífur þar langalgengastur. Vopni var beitt eða ógnað með því í um 73% ránsmála þar sem vopn voru með í för.
- Fjölmennasti hópur fórnarlamba, eða um þriðjungur, var fólk yngra en 20 ára. Meðalaldur fórnarlamba var 33,7 ár á tímabilinu.
- Karlar voru fleiri en konur meðal fórnarlamba. Þegar fórnarlömb voru fleiri en eitt voru konur frekar fórnarlömb en karlar.

### Rán í Reykjavík

- Í Reykjavík hefur orðið breyting á fjölda rána eftir árstíma. Flest rán voru framin í ágúst á árunum 1987 til 1994 en um hávetur á árunum 1999 til 2004.
- Sá tími sólarhrings sem rán voru helst framin á breyttist frá fyrra tímabilinu þar sem flest rán voru framin milli kl. 24 og 8 en milli kl. 18 og 24 á seinna tímabilinu.
- Flest rán á báðum tímabilunum voru framin um helgar.
- Bankarán voru fleiri á seinna tímabilinu en því fyrra. Sjoppu- og verslunarrán voru mun fleiri á seinna tímabilinu, eða um 38,6% rána, en þau voru aðeins 16% rána á fyrra tímabilinu.
- Rán á opnum svæðum voru um 15% rána á fyrra tímabilinu en voru orðin 36,3% rána á seinna tímabilinu.
- Hlutfallslega fleiri rán voru framin eftir stutt kynni fórnarlamb og ræningja á fyrra tímabilinu en því seinna.
- Á fyrra tímabilinu voru árásmenn hlutfallslega oftast tveir en á seinna tímabilinu.
- Vopni var beitt eða ógnað með í mun fleiri tilvikum á seinna tímabilinu heldur en á því fyrra.
- Karlmenn voru oftast fórnarlömb á báðum tímabilunum, þó jókst hlutfall kvenna mikið á seinna tímabilinu.
- Fjölmennasti aldurshópur fórnarlamba á fyrra tímabilinu var fólk á aldrinum 26 til 30 ára. Sá aldurshópur var næstfámennastur á seinna tímabilinu en þá var aldurshópurinn 17 til 20 ára langfjölmennastur.

## Hluti 1. Fræðileg umræða

Innan afbrotafræðinnar, eins og annarra fræðigreina, eru ólík fræðileg sjónarhorn sem eiga uppruna sinn í ýmsum fræðigreinum, eins og félagsfræði og sálfræði. Hægt er að skipta þessum fræðilegu sjónarhornum í þrennt: samstöðusjónarhornið (e. *consensus view*), samskiptasjónarhornið (e. *interactionist view*) og átakasjónarhornið (e. *conflict view*) (Helgi Gunnlaugsson, 2000). Undir hvert sjónarhorn falla svo mismunandi viðhorf. Hér verður fjallað um kenningar sem flokka má undir samstöðusjónarhornið. Farið verður ítarlega í fyrirnefnda sjónarhornið en áður verða átaka- og samskiptasjónarhornin lítillega kynnt.

Með átakasjónarhorninu er gengið út frá því að samfélagið sé sett saman úr ólíkum þjóðfélagshópum sem hafi andstæðra hagsmuna að gæta og út frá því eigi sér sífellt stað átök um takmörkuð gæði. Samkvæmt þessu eru ákveðnir hópar ráðandi í samfélaginu og refsilögin endurspeglar oft hagsmuni og siðferði þessara hópa en ekki samfélagsins alls. Skilgreiningar á afbrotum og framkvæmd laganna er pólitískt fyrirbæri og tæki þeirra sem eru valdameiri og efnaðri. Þeir sem aðhyllast átakakenningar efast þar af leiðandi um að refsilögin þjóni hagsmunum allra í samfélaginu. Innan sjónarhornsins er að finna tvo strauma, mýkri útgáfu og þá róttækari (ibid, 2000).

Í stuttu máli má segja að samstöðusjónarhornið byggist á því að hinir mismunandi hlutar samfélagsins vinni í sameiningu að því að uppfylla þarfir heildarinnar. Litið er á afbrot sem glæp gegn samfélaginu og það beri að refsa fyrir þau. Refsilögin, í hverju samfélagi fyrir sig, endurspeglar hagsmuni og það siðferði sem er ríkjandi í samfélaginu. Innan samstöðusjónarhornsins er að finna tvö viðhorf: klassískt og pósitífískt (ibid, 2000).

Með klassíska viðhorfinu er gengið út frá því að einstaklingurinn sé frjáls og skynsamur. Ef einstaklingurinn fremur afbrot er það hans val, samfélagið verður að bregðast við með því að refsa honum og þar með vara aðra við afleiðingum samskonar hegðunar. Meginspurningar klassíska skólans fjalla um tengsl refsilaga og lögbrota, hver hlutföllin milli brota og refsinga eru og hver þau eigi að vera. Ef brotum fjölgar bendir það til þess að fælingarmáttur réttarkerfisins sé ekki nægur og þá er úrbæturnar að finna í viðurlagakerfinu sjálfu, t.d. með harðari refsingum, en þeir sem aðhyllast klassíska viðhorfið eru hlynntir hörðum refsingum (ibid, 2000).

Með pósitífíska viðhorfinu er litið svo á að afbrotahegðun sé ákvörðuð eða skilyrt af líffræðilegum, sálfræðilegum og félagsfræðilegum öflum sem einstaklingurinn ræður ekki við. Afbrot eru samkvæmt þeim sem aðhyllast þessar kenningar þvingun og með refsingunni þarf að koma til móts við einstaklinginn (Conklin, 1995). Draga verður úr þvingunum sem brotamenn eru beittir og uppræta þannig þessa hegðun. Pósitífastar telja að best sé að koma til móts við einstaklinginn og miða refsingar við hann en ekki afbrotið sjálft. Úrræðin eiga að miðast við þarfir og aðstæður einstaklinganna en ekki öfugt (Beirne og Messerschmidt, 2000).



Samskiptasjónarhorninu er hægt að skipta í þrennt: félagsnámskenningar (e. *social learning theories*), félagslega taumhaldskenningu (e. *social control theory*) og stimplunarkenningar (e. *labeling theories*).

Með félagsnámskenningunum er gert ráð fyrir því að afbrot séu lært atferli sem lærist í nánum samskiptum við jafningja. Með félagslegu taumhaldskenningunni er spurt af hverju við stundum ekki afbrot. Ástæðurnar eru samkvæmt kenningunni að finna í tengslum okkar við ýmsar stofnanir samfélagsins, eins og fjölskyldu, skóla og jafningja. Lítil tengsl við þessar stofnanir auka líkur á glæpum. Með stimplunarkenningunum er skoðað af hverju við skilgreinum ákveðið atferli sem afbrot og annað ekki? Afbrot verða samkvæmt þessum kenningum ekki afbrot fyrr en hópar eða einstaklingar skilgreina tiltekna hegðun sem afbrot.

Hér verður, eins og áður segir, farið nánar í tvær kenningar sem heyra undir samstöðusjónarhornið. Skynsemiskenningin (e. *rational choice theory*) og lífsstílskenningin (e. *routine activity theory*) eru þær kenningar sem skoðaðar verða. Þessar kenningar eiga rætur sínar að rekja til endurkomu klassíska viðhorfsins. Þær voru ekki vinsælar í byrjun 20. aldar en fóru að sækja í sig veðrið smám saman og urðu vinsælar um 1970 þegar kenningar pósitífista tóku að eiga undir högg að sækja.

### Skynsemi (e. *rational choice*)

Með skynsemiskenningunni reyna menn að sjá heiminn út frá sjónarhorni glæpamanna, reyna að skilja hvernig glæpamenn velja að fremja ákveðna glæpi. Samkvæmt kenningunni á glæpur sér stað þegar brotamaður ákveður að taka þá áhættu að brjóta lögina eftir að hafa velt fyrir sér bæði persónulegum og staðbundnum þáttum. Með persónulegum þáttum er átt við atriði eins og þörfina fyrir peninga, hefnd, spennu og skemmtun. Með staðbundnum þáttum er átt við atriði eins og hversu vel hugsanlegs brotstaðar sé gætt, staðsetningu öryggismyndavéla og hæfni lögreglu, svo að eitthvað sé nefnt. Glæpamaðurinn vegur sem sagt kosti og galla þess að fremja glæpinn. Þar með er gengið út frá því að hann taki skynsamlega og rökrétta ákvörðun um að fremja brotið (Siegel, 2003 og Conklin, 1995). Hann fremur glæpinn þegar hann er búinn að meta kosti og galla ákveðins athæfis (Zey, 1998). Horft er á hverja tegund brota fyrir sig þar sem kostir og gallar eru mismunandi eftir brotum. Með skynsemisjónarhorninu er lögð aðaláhersla á að skoða það ferli sem leiðir til þess að glæpamaður ákveður að brjóta lögina (Conklin, 1995).

Samkvæmt kenningunni íhugar glæpamaðurinn hættuna á að vera handtekinn, hann íhugar hversu alvarlegar refsingar hann á yfir höfði sér, hugsanlegan gróða fyrir sig og þörf sína fyrir þann skjóta gróða sem fæst með brotinu áður en hann ákveður að fremja glæpinn. Þannig getur glæpamaður ákveðið að hætta við tiltekið brot vegna þess að hann álitur að efnahagslegur ávinningur sé ekki lengur til staðar eða að hættan á að vera handtekinn sé of mikil (Siegel, 2003). Skynsemiskenningin snýst um ákvarðanatöku glæpamannsins. Með henni er gengið út frá því að það að brjóta af sér sé hegðun sem hafi í för með sér einhvers konar hagnað fyrir glæpamanninn. Glæpamenn hafi einhver markmið þegar þeir brjóta af sér, þó svo að þessi markmið

séu oft skammtímamarkmið og hafi einungis fáa kosti í för með sér en jafnframt mikla áhættu. Þannig er lítið á að glæpamaðurinn hugsi áður en hann fremur glæpinn, þótt ekki sé nema eitt augnablik. Glæpamaðurinn vegur og metur þar með kosti og galla við að fremja glæpinn. Mat glæpamannsins er að mestu byggt á þeim aðstæðum sem hann er í þá stundina. Glæpamanninum finnst þannig að það sé skynsamlegt að fremja ákveðið afbrot við ákveðnar aðstæður. Þetta mat hans er oft og tíðum takmarkað af litlum tíma, eigin getu og þeim upplýsingum sem hann hefur. Glæpamaðurinn hefur þannig sjaldnast heildarmynd af öllum kostum og göllum við tiltekinn glæp (Rouncefield, e.d.(a)).

Ef glæpamenn ákveða glæpi sína af skynsemi ætti að draga úr þeim ef þeir finna aðrar lausnir en glæpi. Aðrar lausnir þyrftu þá að vera hagkvæmari fyrir glæpamanninn en glæpirnir (Siegel, 2003).

Með skynsemissjónarhornið að leiðarljósi hafa afbrotafræðingar í auknum mæli farið að taka viðtöl við glæpamenn, þar sem þeir eru spurðir nákvæmra spurninga út í einstaka glæpi, hvað þeir ætluðust fyrir, hugsuðu út í og gerðu þegar þeir frömdu glæpinn (Rouncefield, e.d.(a)).

### Lífsstílskenningin (e. *routine activity*)

Larry Cohen og Marcus Felson komu fram með lífsstílskenninguna árið 1979. Kenningin var tilraun til að útskýra þá glæpaaukningu sem orðið hafði í Bandaríkjunum á árunum 1960 til 1980, sérstaklega aukningu gripadeilda- eða ránsbrota. Samkvæmt lífsstílskenningunni eru glæpir tengdir hversdagslegu amstri eða munstri félagslegra samskipta í samfélaginu. Þær breytingar sem áttu sér stað í samfélaginu á árunum 1960 til 1980, eins og það að konur fóru í miklu meira mæli en áður að vinna úti og voru þar með að heiman allan daginn, leiddu til þess að hið hefðbundna félagslega skipulag fór úr skorðum og ný glæpataækifæri sköpuðust. Sú hefðbundna iðja að fara til vinnu, í þessu tilfalli konur sem að jafnaði höfðu verið heima við, varð til þess að mörg heimili urðu nú mannlaus á daginn, sem þá jók líkurnar á innbroti. Það að húsinn voru mannlaus eða *án gæslumanns*, ef svo má kalla, er einn af þremur þáttum sem eykur líkurnar á glæpsamlegu athæfi samkvæmt kenningunni. Hinir þættirnir eru *áhugasamur glæpamaður* og *hentugt skotmark*, þ.e. eitthvað sem er þess virði að stela. Aðeins þegar þessir þrjú þættir eru samankomnir aukast líkurnar töluvert á glæpsamlegu athæfi. Með lífsstílskenningunni er gert ráð fyrir því að aukning glæpa sé í réttu hlutfalli við fjölda hentugra skotmarka og fjarveru einstaklinga sem eru þessum skotmörkum til verndar (Cohen og Felson, 1979).

Með lífsstílskenningunni er gert ráð fyrir því að hugsanlegir og áhugasamir glæpamenn séu ekki af skornum skammti, það sé nóg af þeim í samfélaginu. Með gæslumanni er ekki endilega átt við lögregluþjón eða öryggisvörð heldur bara hvern þann sem með viðveru sinni getur dregið úr líkum á því að glæpur verði framinn. Sem dæmi má nefna að oftast er brotist inn í mannlaus hús því að þau eru sérstaklega berskjölduð fyrir glæpamönnum (ibid, 1979).

Hugtakið skotmark (e. *target*) er frekar notað heldur en fórnarlamb því manneskja getur verið fórnarlamb án þess að vera á staðnum þegar glæpur er framinn. Þannig er húseigandi oftast að heiman þegar brotist er inn á heimili hans. Heimilið er því skotmarkið en eigandinn er fórnarlambið og þegar hann eða aðrir heimilismenn eru fjarverandi og heimilið er mannaust er það auðveldara skotmark en ef þeir eru heima. Skotmark getur verið manneskja eða hlutur, það fer eftir eðli glæpsins hverju sinni. Út frá sjónarhorni glæpamanns hafa fjórir meginþættir áhrif á hversu líklegt er að tiltekið skotmark verði fyrir glæpum. Það eru í fyrsta lagi *verðmæti*. Glæpamenn hafa bara áhuga á skotmörkum sem þeim þykja verðmæt. Vinsælasta geisladisknum á hverjum tíma er til dæmis oftast stolið en til að mynda geisladisk með klassískri tónlist þó svo að þeir kosti svipað. Annar þátturinn er *þyngd* hlutarins. Litlum raftækjum er oftast stolið heldur en þyngri raftækjum, nema einhver tæki séu notuð til að takast á við þyngdina. *Sjáanleiki* er þriðji þátturinn en með því er átt við sýnileika skotmarksins gagnvart glæpamanninum, eins og þegar einhver sýnir mikla peninga úti á götu eða setur verðmæta hluti út í glugga. Fjórdi þátturinn er *aðgangur*. Þar er t.d. átt við götuskipulag, staðsetning skotmarka eða aðra þætti sem gera glæpamanni léttara fyrir til þess að nálgast skotmarkið (Rouncefield, e.d.(b)).

Til þess að gripdeild eða rán eigi sér stað þarf mögulegur glæpamaður að finna hentugt skotmark þar sem hugsanlegur gæslumaður er fjarverandi. Í raun getur aukning á glæpum orðið án þess að glæpamönnum sjálfum fjölgi, til dæmis ef skotmörkum fjölga eða ef glæpamenn geta frekar náð til skotmarka sem eru án gæslumanns (Cohen og Felson, 1979).

Eins og áður segir kom lífsstílskenningin fram sem tilraun til að skýra þá glæpaaukningu sem orðið hafði í Bandaríkjunum á árunum 1960 til 1980, sérstaklega hvað varðar gripdeild eða ránsbrot, enda skýrir kenningin vel auðgunarbrot en erfiðara er að láta hana skýra önnur brot, eins og kynferðis- eða gróf ofbeldisbrot.

Skynsemis- og lífsstílskenningarnar eru að mörgu leyti líkar, til dæmis felst í þeim báðum að glæpatíðni sé eðlileg afleiðing glæpataækifæra. Með báðum er sjónum fremur beint að einkennum glæpa en einkennum glæpamanna. Með báðum er gert ráð fyrir því að glæpamenn íhugi atriði eins og öryggisráðstafanir og fórnarlömb áður en þeir ákveða að fremja glæpi. Samkvæmt báðum kenningunum eru glæpataækifæri lykilorð í glæpaferlinu (Siegel, 2003).

## Rán

Fræðimenn hafa rannsakað rán töluvert, þá einna helst í Bandaríkjunum. Almenna skilgreiningin á ránum, sem alríkislögreglan í Bandaríkjunum (FBI) notar meðal annars, er atvik þar sem verðmæti eru tekin eða reynt að taka af einstaklingi eða einstaklingum sem sjá um, gæta eða stjórna þessum verðmætum, með valdi, ofbeldi eða hótunum um vald og ofbeldi og/eða með því að hræða fórnarlambið/fórnarlömbin.

Rán í Bandaríkjunum eru flokkuð með öðrum ofbeldisglæpum og eru refsingar við þeim þungar þar sem um ofbeldisverk er að ræða. Í Bretlandi er hámarksrefsing fyrir

rán lífstíðarfangelsi (Gill, 2000), enda er litið svo á að þar sem lífi fórnarlambanna er ógnað eigi að liggja þung refsing við brotinu. Refsingin fer þó eftir því hversu miklu valdi var beitt í ráninu og hvort vopn voru notuð (Siegel, 2003 og Conklin, 1995).

Í bók Johns Conklins (1972) *Robbery and the Criminal Justice System* er fjallað ítarlega um rán og ræningja. Þar nefnir höfundur að stundum sé litið á rán sem ýkt form af þjófnaði en í þeim glæp sé aðalástæðan þjófnaður og valdi sé aðeins beitt til þess að fylgja þjófnaðinum sjálfum eftir. Rán vekja oft sterkari viðbrögð en aðrir glæpir því að í ráni er um tvo ógnandi hluti að ræða, sem báðir vekja mikinn ótta hjá fólki, í fyrsta lagi notkun valds gegn fórnarlambi og í öðru lagi er stolið af fórnarlambinu sjálfu. Rán valda líka óróleika því að vanalega fremja ókunnugir þau óvænt og oft með ofbeldi. Fórnarlambinu líður þá oft eins og það hafi verið skotmark af eintómri tilviljun en það að rán eru svo ófyrirsjáanleg gerir þau oft og tíðum meira ógnvekjandi en ella.

Á Íslandi er fjallað um rán í 252. grein almennra hegningarlaga nr. 19/1940 en þar segir:

Hver, sem með líkamlegu ofbeldi eða hótun um að beita því þegar í stað tekur af manni eða neyðir út úr manni fjármuni eða önnur verðmæti, kemur undan hlut, sem verið er að stela, eða neyðir mann til þess að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert, sem hefur í för með sér fjárhagstjón fyrir þann mann eða aðra, skal sæta fangelsi ekki skemur en 6 mánuði og allt að 10 árum. Hafi mjög mikil hætta verið samfara ráninu, getur refsingin þó orðið allt að 16 ára fangelsi. (*Almenn hegningarlög nr. 19/1940.*)

Hin almenni refsiramma ránsbrota er samkvæmt þessu frá 6 mánuðum til allt að 10 ára fangelsi. Þó er í lokamálslið 252. greinar að finna sérstaka refsihækkunarheimild en samkvæmt henni er heimilt að dæma ránsmenn í allt að 16 ára fangelsi ef mikil hætta hefur verið samfara ráninu. Þá er sérstakt ítrekunarákvæði vegna auðgunarbrota að finna í 255. grein almennra hegningarlaga en það tekur einnig til ránsbrota en samkvæmt því getur refsing fyrir þriðja ránsbrot orðið að ævilöngu fangelsi. Refsilágmark vegna ránsbrota er með því allra hæsta sem gerist í íslenskri refsilöggjöf. Út frá þessu er greinilegt að löggjafinn lítur á rán sem mjög alvarlegt brot (Hildigunnur Ólafsdóttir og Sigurður Tómas Magnússon, 2003).

Í þessari greinargerð er fjallað um þau rán sem tilkynnt voru til lögreglunnar á Íslandi á tímabilinu 1999 til 2004. Fyrst verður farið í aðferðafræði þá sem notuð var við vinnslu á þessari greinargerð. Þar á eftir verður farið í niðurstöður úr þeirri gagnavinnu sem unnin var. Byrjað verður á að fjalla um tíðni rána á Íslandi, eftir tíma sólahrings, mánuðum, vikudögum, eðli rána og hvar þau eru framin. Þar næst verður skoðað hverjir fremja rán, meðalaldur þeirra, vímuástand og handtöku þeirra eða kærðu á hendur þeim. Framkvæmd ráns verður gerð ítarleg skil, svo sem hvort ræningi huldi andlit sitt, hann beitti hótunum eða ofbeldi og hvort vopn voru meðferðis eða notuð í sjálfu ráninu. Fórnarlömb rána verða greind þar á eftir, meðalaldur þeirra og kyn og hvort um eiganda ránsfengsins sé að ræða. Þar á eftir er að finna samanburð á

tilkynntum ránum í Reykjavík annars vegar á tímabilinu 1987 til 1994 og hins vegar á tímabilinu frá 1999 til 2004. Lokaorð og umræða koma svo í lokin.

Þar sem hér er einungis verið að skoða tilkynnt rán, þ.e.a.s. þau rán sem tilkynnt voru til lögreglu, þá er vitanlega ekki um öll rán að ræða. Gera má ráð fyrir að einhver rán séu ekki tilkynnt til lögreglu og því endurspeglar niðurstöður einungis tilkynnt rán á Íslandi fyrir tímabili 1999 til 2004.

## Hluti 2. Aðferðir og gögn

Í þessari rannsókn eru allar skýrslur skoðaðar sem til eru hjá lögreglu um þau rán sem tilkynnt voru á tímabilinu 1999 til 2004. Úr þeim voru dregnar upplýsingar um 24 breytur (sjá Viðauka 1: Breytur) sem skipt geta máli varðandi ránin, eins og tímasetning, staðsetning, vopnaburður, ofbeldi við ránin og fjöldi árásarmanna. Í þeim tilvikum þar sem upplýsingar vantaði í skýrslur var kallað eftir meiri upplýsingum frá því lögregluembætti sem fór með rannsókn málsins. Þó var í sumum tilvikum ekki hægt að nálgast allar upplýsingar eins og raunin var til dæmis með aldur einstakra fórnarlamba rána. Þó vantaði aðeins upplýsingar um aldur 11 fórnarlamba af alls 290.

Gögnin voru slegin inn á SPSS-tölfræðiforritið og þannig var búinn til gagnagrunnur sem auðvelt er að bæta upplýsingum við í framtíðinni. Við úrvinnslu á gögnunum var öllum brotum sem framin voru erlendis en tilkynnt til lögreglu á Íslandi sleppt. Ekki voru heldur tekin með þau mál sem skráð voru sem rán en reyndust við nánari skoðun ekki falla í þann flokk. Eins og áður hefur komið fram er gengið út frá skilgreiningunni um rán samkvæmt 252. grein almennra hegningarlaga, þ.e. að hótun eða ógnun um ofbeldi hafi verið beitt. Nokkur dæmi voru um það að einstakt mál hefði verið tvískráð og var það leiðrétt og talið sem eitt mál. Þetta er vert að hafa í huga þegar fjöldi mála er skoðaður og því getur verið um færri mál að ræða en birt eru í afbrotatölfræði ríkislögreglustjóra. Þau mál sem tekin voru út voru ekki mörg og því ættu þau ekki að hafa áhrif á heildarniðurstöður. Í töflu 1 má sjá hver fjöldi mála í gagnasafni var og hversu mörg mál voru upphaflega í gagnasafninu. Þegar búið var að taka frá þau mál sem ekki þótti rétt að hafa með var um að ræða 217 mál á tímabilinu 1999 til 2004.

**Tafla 1.** Fjöldi tilkynntra rána á Íslandi á árunum 1999 til 2004.

| Ár             | Fjöldi í gagnasafni | Fjöldi     |
|----------------|---------------------|------------|
| 1999           | 42                  | 41         |
| 2000           | 34                  | 34         |
| 2001           | 43                  | 40         |
| 2002           | 32                  | 32         |
| 2003           | 39                  | 36         |
| 2004           | 37                  | 34         |
| <b>Samtals</b> | <b>227</b>          | <b>217</b> |

Breyturnar voru búnar til í samráði við starfsmenn sviðs 4 hjá ríkislögreglustjóra og út frá hugmyndum rannsakanda á því sem hann vildi sérstaklega skoða (sjá í Viðauka 1: Breytur). Við skilgreiningar á breytum var meðal annars notast við greinargerðina *Rán í Reykjavík* (1994) eftir lögreglumennina Guðmund Guðjónsson og Karl Steinar Valsson.


Einnig var notast við bók Johns Conklins frá (1972) *Robbery and the Criminal Justice System*. Breyturnar voru þó staðfærðar þannig að þær áttu betur við íslenskar aðstæður. Til dæmis var breytan um tegund ræningja, sem fengin er frá Conklin, aðlöguð íslenskum aðstæðum. Upphaflega gerði Conklin ráð fyrir fjórum tegundum, atvinnuræningjum (e. *professional robbers*), tækifærisræningjum (e. *opportunistic robbers*), drykkjumönnum (e. *alcoholics*) og fíklum (e. *addicts*), en í þessari skýrslu var talið hentugra að flokka drykkjumenn og fíkla saman.

Breytan um eðli ráns var skilgreind nánar í sjö flokka út frá því sem er að finna í *Rán í Reykjavík*. Í fyrsta flokk féllu bankarán. Hér er um að ræða alla banka en ekki hraðbanka. Verslanir, apótek, bensínstöðvar, hárgreiðslustofur, veitingahús, matsölustaðir, gistiheimili og hótél féllu í flokk tvö. Sjoppur og myndbandaleigur voru settar í flokk þrjú. Fjórdi flokkur kallaðist opin svæði: það eru rán sem framin voru á opnum svæðum, á götum, á bílastæðum, við hraðbanka eða annars staðar úti við. Í fimmta flokk féllu rán í heimahúsum, hvort sem það var heima hjá geranda eða fórnarlambi. Í flokk sex féllu rán eftir stutt kynni: rán sem voru framin þegar fólk hittist á vínveitingastöðum eða við önnur tilefni. Þítsusendlarán féllu í flokk sjö. Hér er ekki átt við þítsustaði heldur þítsusendla sem voru rændir þegar þeir voru að sendast með þítsur.


Breytu sem kölluð var handtaka var skipt í þrennt: handtaka á vettvangi (innan við 30 mínútum eftir brot), handtaka síðar (30 mínútum eftir brot eða síðar) og óljóst. Mikill munur er, að mati rannsakanda, á handtöku á vettvangi og handtöku síðar og því er rétt að greina þarna á milli þar sem þetta gætu verið mikilvægar upplýsingar fyrir lögregluna. Breytunni um fjárhæð var skipt í fernt: fjárhæð kemur ekki fram, engir peningar höfðust upp úr kرافsinu, en þar gat verið um annan ránsfeng en pening að ræða, einungis var gerð tilraun til ráns og svo tiltekin fjárhæð. Leitast var við að hafa margar breytur þannig að hægt væri að fá sem ítarlegastar upplýsingar úr skýrslunum.

### Hluti 3. Niðurstöður: Rán á Íslandi

Í þeirri rannsókn sem hér er til umfjöllunar var alls um 217 ránsmál að ræða þegar tekin voru frá þau mál sem ekki þóttu vera rán, rán sem framin voru erlendis eða voru tvískráð. Þegar skoðuð er tíðni rána á Íslandi seinustu sex ár (mynd 1) sést að fjöldinn hefur haldist frekar stöðugur á þessum tíma. Flest rán voru framin árið 1999 en fæst árið 2002. Á Íslandi voru framin um 36 rán að meðaltali á ári á tímabilinu 1999 til 2004.




Mynd 1. Fjöldi rána samkvæmt málaskrá 1999 til 2004.



Mynd 2. Hlutfallsleg dreifing rána eftir mánuðum samkvæmt málaskrá 1999 til 2004.




Þegar mynd 2 er skoðuð sést dreifing rána eftir mánuðum. Flest rán voru framin á fyrsta og fjórða ársfjórðungi öll árin, nema árið 2004 er flest rán áttu sér stað í byrjun árs en fæst í lok árs. Að meðaltali voru framin um þrjú rán á mánuði á hverju ári á tímabilinu 1999 til 2004, flest í desember, eða 12%, og þar á eftir í febrúar. Fæst rán voru hins vegar framin í ágúst, eða aðeins 2,7% allra rána á tímabilinu. Árið 2004 voru flest rán framin í janúar, eða 20% rána það ár, en fæst, eða engin voru framin í júní og ágúst.



Mynd 3. Hlutfallsleg dreifing rána eftir vikudögum samkvæmt málaskrá 1999 til 2004.

Á mynd 3 sést dreifing rána á tímabilinu eftir vikudögum. Fram kemur að flest rán voru framin um helgar, eða 40,5% á öllu tímabilinu. Á seinustu þremur árum hefur þó dregið úr fjölda rána á laugardögum en þeim fjölgað á föstudögum, en 26% allra rána árið 2004 voru framin þá. Fæst rán voru framin á miðvikudögum, eða aðeins 9,6% á öllu tímabilinu.



Mynd 4. Tími sólarhrings sem rán voru framin á samkvæmt málaskrá 1999 til 2004, hlutfallsleg dreifing.

Á mynd 4 sést dreifing rána eftir tíma sólarhrings. Flest rán voru framin að kvöldi til eða um nótt, eða um 77% allra rána á tímabilinu. Á seinustu þremur árum hefur ránum þó fjölgað á morgnana og að degi til en um 21% rána árið 2003 voru framin á tímabilinu frá kl. 08.00 til 18.00. Það er áhugavert að skoða af hverju svo er. Gott er að skoða eðli rána til að reyna að varpa ljósi á þá breytingu sem orðið hefur á því hvenær sólarhringsins rán voru framin á tímabilinu á Íslandi.

## Eðli rána á Íslandi

Ránum var skipt niður í áður nefnda sjö flokka eftir eðli þeirra (sjá Hluta 2: Aðferðir og gögn). Á töflu 2 sést hver tíðni einstakra rána var á tímabilinu 1999 til 2004.

Tafla 2. Eðli rána samkvæmt málaskrá 1999 til 2004 (fjöldi rána).

|                     | 1999      | 2000      | 2001      | 2002      | 2003      | 2004      | Fjöldi     |
|---------------------|-----------|-----------|-----------|-----------|-----------|-----------|------------|
| <b>Bankarán</b>     | 0         | 0         | 0         | 0         | 7         | 4         | 11         |
| <b>Verslanir</b>    | 5         | 6         | 10        | 7         | 9         | 9         | 46         |
| <b>Sjoppur</b>      | 11        | 3         | 10        | 5         | 5         | 8         | 42         |
| <b>Opin svæði</b>   | 14        | 15        | 10        | 14        | 11        | 5         | 69         |
| <b>Heimahús</b>     | 0         | 4         | 1         | 1         | 0         | 4         | 10         |
| <b>Stutt kynni</b>  | 4         | 2         | 7         | 3         | 4         | 3         | 23         |
| <b>Pítsusendlar</b> | 7         | 4         | 2         | 2         | 0         | 1         | 16         |
|                     | <b>41</b> | <b>34</b> | <b>40</b> | <b>32</b> | <b>36</b> | <b>34</b> | <b>217</b> |


Þegar eðli rána er skoðað sést að flest rán voru framin á opnum svæðum. Þar á eftir koma sjoppur og svo verðslanir. Ránum á opnum svæðum fækkaði þó um rúmlega helming frá 2003 til 2004. Sjoppurán voru flest árið 1999 en þá voru þau 11. Fæst sjoppurán voru framin árið 2000 þegar þau voru þrjú. Rán í verðslunum voru flest árið 2001 þegar þau voru 10 en fæst árið 1999 þegar þau voru fimm. Seinustu tvö ár hafa verðslunarrán verið níu á ári. Rán í heimahúsum voru ekki framin á hverju ári en flest voru þau fjögur á ári, árin 2000 og 2004. Rán eftir stutt kynni voru framin á hverju ári en flest voru þau árið 2001, eða sjö, en fæst árið 2000 þegar þau voru tvö. Bankarán komu ekki við sögu fyrir en árið 2003 en þá voru þau flest, eða sjö. Þau komu svo aftur fyrir árið eftir en þá voru þau fjögur. Þíttusendlarán voru flest árið 1999 þegar þau voru sjö en þau komu ekki við sögu á hverju ári. Þegar eðli rána er skoðað nánar sést að bankarán hafa komið til sögunnar á seinustu tveimur árum og að dregið hefur úr þíttusendlaránunum og ránunum á opnum svæðum á sama tíma.

Þó svo að ekki sé hægt að tala um aukningu bankarána, þar sem engin slík rán voru framin fyrr en á árunum 2003 og 2004, sést að tilkoma þeirra er í takt við það að rán hafa aukist á seinustu árum á morgnana og á daginn.

Tafla 3. Fjárhæð sem hafðist upp úr ránunum samkvæmt málaskrá 1999 til 2004.


| Ár   | Meðalfjárhæð | Hæsta fjárhæð | Lægsta fjárhæð |
|------|--------------|---------------|----------------|
| 1999 | 27.282       | 166.107       | 750            |
| 2000 | 25.293       | 270.000       | 500            |
| 2001 | 73.600       | 800.000       | 1.100          |
| 2002 | 42.568       | 401.000       | 300            |
| 2003 | 282.176      | 1.692.000     | 500            |
| 2004 | 115.570      | 700.000       | 3.500          |

Á töflu 3 sést að meðalfjárhæð úr ránunum á tímabilinu 1999 til 2004 jókst mikið með tilkomu bankarána. Hæsta fjárhæðin á þessu tímabili var tæplega 1,7 milljónir króna og var þar um fyrsta bankaránið á tímabilinu að ræða. Þarna var um gríðarlega fjármuni að ræða, mun meiri en í þeim bankaránunum sem fylgdu á eftir þó svo að þær fjárhæðir hafi verið mun hærri en fjármunir úr annars konar ránunum.



**Kort 1.** Vettvangur rána á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt málaskrá 1999 til 2004.

Á korti 1 sést að flest rán sem framin eru á opnum svæðum eiga sér stað niðri í miðbæ og sömu sögu er að segja um rán sem framin eru eftir stutt kynni. Banka- og pítsusendlarán eru oftast framin í úthverfum en niðri í miðbæ.




Kort 2. Tími rána á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt málaskrá 1999 til 2004.

Kort 2 sýnir að flest rán í miðborginni eru framinn á næturnar og morgnana en rán sem framín eru á kvöldin (frá 18 til 24) dreifast mun meira um borgina.

### Hverjir fremja rán?

Alls stóðu um 388 einstaklingar að þessum 217 ránum sem voru framín á tímabilinu. Að meðaltali frömdu tveir einstaklingar hvert rán. Átta af þessum 388 einstaklingum voru konur, eða rétt um 2%.



Mynd 5. Meðalaldur handtekinna sem höfðu réttarstöðu grunaðra um rán samkvæmt málaskrá 1999 til 2004, hlutfallsleg dreifing.

Meðalaldur þeirra sem handteknir voru og höfðu réttarstöðu grunaðra um rán var 23,3 ár. Á mynd 5 sést að flestir þeirra sem handteknir voru fyrir rán og höfðu réttarstöðu grunaðra voru undir 20 ára, eða 69% að meðaltali allra ræningja á tímabilinu.


Tafla 4. Fjöldi árásarmanna.

| Fjöldi árásarmanna | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | Meðaltal fyrir 1999 til 2003 | Hlutfall (%) |
|--------------------|------|------|------|------|------|------|------------------------------|--------------|
| Einn               | 18   | 17   | 18   | 13   | 21   | 20   | 17,4                         | 49           |
| Tveir              | 15   | 11   | 12   | 14   | 13   | 9    | 13                           | 34           |
| Þrír               | 5    | 4    | 6    | 4    | 1    | 5    | 4                            | 12           |
| Fjórir             | 1    | 2    | 3    | 0    | 0    | 0    | 1,2                          | 3            |
| Fimm og fleiri     | 1    | 0    | 1    | 1    | 1    | 0    | 0,8                          | 2            |
| Óljóst             | 1    | 0    | 0    | 0    | 0    | 0    | 0,2                          | 0            |

Í um 49% ránstílvika var um einn árásarmann að ræða og í um þriðjung tilvika voru þeir tveir. Þegar fjöldi árásarmanna á árinu 2004 er borinn saman við meðaltal á tímabilinu 1999 til 2003 sést að oftast var um einn árásarmann að ræða á árinu 2004 en að meðaltali árin á undan (20 á móti 17,4) en tilvikum þar sem tveir árásarmenn voru að verki hafði fækkað miðað við meðaltal árunna á undan (9 á móti 13), enda var árið 2004 það ár sem tveir árásarmenn voru sjaldnast að verki.

## Handtekinn/kærður


Einn þáttur, kallaður „handtekinn/kærður“, var skoðaður en hann tekur til fjölda mála þar sem einhver var handtekinn eða kærður<sup>1</sup> í kjölfar ráns. Þar var ekki tekið tillit til þess hvort ránið hafi verið upplýst og eða hversu margir voru handteknir. Þessum þætti var skipt í þrennt. Í fyrsta lagi var um að ræða þá sem handteknir voru á vettvangi eða innan 30 mínútna eftir að rán var framið. Í öðru lagi var það sem kallast „seinna“ en þar var átt við það þegar einhver var handtekinn eftir að 30 mínútur eða meira voru liðnar frá ráni. Að lokum er svo flokkur sem kallast „óljóst“ en þar var átt við öll ránsmál þar sem enginn var handtekinn. Í 60% mála á öllu tímabilinu var einhver handtekinn, annaðhvort á vettvangi eða seinna. Þetta hlutfall hefur verið að hækka á seinustu árum þannig að í 82% mála árið 2004 var einhver handtekinn á vettvangi eða seinna.



**Mynd 6.** Hlutfallsleg dreifing rána samkvæmt málaskrá 1999 til 2004, eftir því hvort einhver var handtekinn og hvenær.

Á mynd 6 sést dreifing mála eftir því hvenær handtaka átti sér stað í tengslum við rán. Á myndinni sést að handtaka á vettvangi jókst á seinustu árum en jafnframt dró úr hlutfalli óljósra mála. Árin 1999 og 2000 voru um 50% mála hvort árið fyrir sig óljós en þetta hlutfall var aðeins 17,6% á árinu 2004. Hlutfall þeirra mála þar sem einhver var handtekinn 30 mínútum eftir verknað eða síðar hélst stöðugt seinustu ár, þ.e. 43,3% ránsmála á öllu tímabilinu að meðaltali.

<sup>1</sup> Það að vera handtekinn eða kærður þýðir ekki að aðili hafi verið ákærður.



Mynd 7. Hlutfallsleg dreifing rána samkvæmt málaskrá 1999 til 2004, handtaka eftir eðli rána.


Þegar mynd 7 er skoðuð sést hvernig handtöku var háttað eftir einstökum tegundum rána. Þar kemur í ljós að langflestu óljósu ránin, þar sem enginn var handtekinn, voru framin á opnum svæðum, eða um 20% allra rána sem framin voru á tímabilinu. Rán á opnum svæðum eru oftast framin um helgar og ekki tilkynnt til lögreglu strax og oft og tíðum eru lýsingar fórnarlamba á ræningjanum mjög óljósar eða óskýrar. Oft er heldur enginn handtekinn í kjölfar rána sem eru framin eftir stutt kynni. Þessi rán eru einnig oft tilkynnt „seinna“ til lögreglu og lýsingar á ræningjum gjarnan litlar eða óljósar. Enginn var handtekinn í kjölfar helmingis (50%) pítsusendlarána (handtaka er „óljós“). Það á við um 40% allra rána á tímabilinu.

Á myndinni sést að alltaf var einhver handtekinn í tengslum við bankarán. Algengast var að einhver væri handtekinn í tengslum við málið „seinna“, þ.e. 30 mínútum eftir verknaðinn eða síðar. Það sama á við um verslanir og sjoppur.

## Ástand ræningja


Í hvaða ástandi eru þeir sem ræna? Teknar voru saman upplýsingar um ástand ræningja þegar þeir frömdu rán. Miðað var við það ástand sem ræningjarnir gáfu upp við handtöku. Í sumum tilfellum kom þó ástand ræningjanna þegar þeir frömdu ránið ekki fram við handtöku. Á mynd 8 sést hlutfall þeirra sem voru handteknir og ástand þeirra þegar rán var framið.





Mynd 8. Ástand ræningja við rán samkvæmt málaskrá 1999 til 2004, hlutfallsleg dreifing.


Mynd 8 sýnir að meirihluti þeirra ræningja sem gáfu upp ástand sitt var undir áhrifum vímuefna (áfengis eða annarra vímuefna) þegar þeir frömdu rán á árunum 1999 til 2004, eða 64,6%. Í 23,8% mála var ástand ræningja óljóst við handtöku. Þeir sem voru allsgáðir voru mjög fáir, eða um 11,5% að meðaltali á öllu tímabilinu. Flestir voru ræningjarnir allsgáðir þegar þeir frömdu rán árið 2003, en þá voru þeir sex.



**Mynd 9.** Ástand ræningja sem handteknir voru samkvæmt málaskrá 1999 til 2004, hlutfallsleg dreifing eftir tegund ráns.


Þegar skoðað er það ástand sem ræningjar gáfu upp að þeir væru í við handtöku eftir eðli rána sést að við bankarán voru um 36% ræningja allsgáðir þegar þeir frömdu ránið. Við önnur rán var meirihluti undir áhrifum vímuefna (áfengis eða annarra vímuefna) við handtöku.

Undir hvers konar áhrifum voru ræningjarnir þegar þeir frömdu ránið? Hér verður skoðað undir áhrifum hvaða efna ræningjarnir voru þegar þeir frömdu rán samkvæmt því sem fram kom í skýrslum. Upplýsingarnar eru ýmist komnar frá ræningjunum sjálfum, fórnarlömbum þeirra eða lögreglumönnum sem að málinu stóðu. Á mynd 10 er hægt að sjá undir áhrifum hvaða efna ræningjarnir voru samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum.



Mynd 10. Vímuástand ræningja við rán samkvæmt málaskrá 1999 til 2004, hlutfallsleg dreifing.

Áfengisvíma var það ástand sem var algengast meðal ræningja þegar vitað var um ástand, eða í um 36% tilvika. Á seinustu árum dró heldur úr því að ræningjar væru undir áhrifum áfengis við rán en þess í stað jókst að þeir væru undir áhrifum örvandi efna, en úr því hafði dregið á árunum 1999 til 2000. Þegar vitað var um ástand var um örvandi vímu að ræða í um 28% tilvika. Með örvandi vímu er átt við ólögleg fíkniefni sem hafa örvandi áhrif eins og amfetamín og kókaín. Með lyfjum er átt við lyf eins og morfín, kotalgen og rítalín. Mest var um lyfjavímu á tímabilinu 2003 til 2004. Kannabisvíma kemur einungis fram á tímabilinu 2003 til 2004.




Mynd 11. Ástand ræningja eftir því undir áhrifum hvaða efna þeir voru samkvæmt málaskrá 1999 til 2004, hlutfallsleg dreifing eftir eðli rána.

Á mynd 11 sést vímuástand eftir eðli rána. Með áfengi og vímuefni er átt við að ræningi hafi verið undir áhrifum áfengis og einhverja annarra vímuefna eins og t.d. örvandi efna, kannabisefna eða lyfja. Þegar um rán á opnum svæðum er að ræða var algengast að ræningjar væru í áfengisvímu, eða í um 71,4% tilvika. Hér er þó aðeins getið um hlutfall þeirra ræningja sem gáfu upplýsingar við komu um ástand sitt. Ástand ræningja var óljóst í meirihluta rána á opnum svæðum. Þegar verðslanir voru rændar var algengast að ræningjarnir væru undir áhrifum áfengis og fíkniefna, eða í 45,5% tilvika. Sjaldnast var að ræningjar væru undir áhrifum kannabisefna samkvæmt mynd 11 en miðað við skýrslur voru aðeins þrjár ræningjar undir áhrifum þeirra, einn bankaræningi og tveir sjoppuræningjar.

## Tegund ræningja

Conklin (1972) fjallar um nokkrar tegundir ræningja í bók sinni. Það eru í fyrsta lagi þeir sem kallast atvinnuræningjar (e. *professional robbers*), en þeir skipuleggja og undirbúa hvert rán sem þeir framkvæma vel og vandlega. Svo eru þeir sem kallast tækifærissræningjar (e. *opportunist robbers*), en það er sú tegund ræningja sem ekki skipuleggja rán heldur fremja þau þegar tækifæri gefst. Að lokum eru þeir sem kallaðar eru fíkla og drykkjuræningjar (e. *addicts and alcoholic robbers*) en þessir ræningjar ræna til þess að fjármagna neyslu sína. Þeir skipuleggja eða undirbúa ránin ekki vel.

Reynt var að ákvarða tegund ræningja á tímabilinu skv. skiptingu Conklins út frá þeim upplýsingum sem tiltækar voru í skýrslunum.



Mynd 12. Tegund ræningja samkvæmt málaskrá 1999 til 2004, hlutfallsleg dreifing.


Á mynd 12 sjást tegundir ræningja eftir árum. Í 128 ránsmálum var hægt að ákvarða tegund ræningja. Á tímabilinu var ekki um neina atvinnuræningja (e. *professional robbers*) að ræða. Þó voru tveir ræningjar á mörkunum að teljast atvinnuræningjar (e. *professional robbers*) þar sem þeir skipulögðu rán að einhverju marki. Þeir rændu

þó í öllum tilvikum til þess að fjármagna vímuefnaneyslu þannig að þeir töldust til fíkla og drykkjuræningja (e. *addicts and alcoholic robbers*). Þeir sem töldust til tækifærissæringja (e. *opportunist robbers*) voru oft og tíðum fíkniefnaneytendur en rændu þó ekki til þess að fjármagna neyslu sína. Á myndinni sést að hlutfall fíkla og drykkjuræningja (e. *addicts and alcoholic robbers*) jókst á seinasta ári en jafnframt lækkaði hlutfall tækifærissæringja (e. *opportunist robbers*). Í 81% ránsmála þar sem hægt var að ákvarða tegund særingja var um fíkla og drykkjuræningja (e. *addicts and alcoholic robbers*) að ræða.

Athuganir sem gerðar hafa verið á ránum snúast flestar um þá spurningu af hverju menn fremja rán. Ýmsar ástæður hafa komið fram og ein þeirra vísar til áður nefndrar skynsemiskenningar (e. *rational choice theory*). Samkvæmt henni á rán sér stað þegar særinginn metur aðstæður svo að það sé þess virði að brjóta lögin eftir að hafa velt fyrir sér bæði þeim persónulegu og staðbundnu þáttum sem þar koma við sögu. Særinginn vegur sem sagt kosti og galla þess að fremja ránið. Með því er átt við að ákveðin skynsemi liggja að baki ákvörðun hans um að fremja ránið.

Í rannsókn sem gerð var á 340 föngum í Bretlandi sem fengið höfðu dóma fyrir vopnuð rán (Matthews, 2002 og Gill, 2000) kom í ljós að særingjar taka mun rökréttari og úthugsaðri ákvarðanir við rán en almennt hefur verið haldið fram, sérstaklega þegar kemur að því að skipuleggja næsta rán. Ekki eru allir sammála þessu og meðal annars hefur verið bent á að þessi ályktun sé í takt við það sem búast má við þegar talað er við særingja í fangelsi en þeir eiga það til að sjá brot sín í öðru ljósi. Það er ekki ólíklegt að svör þeirra litist af þeirri reynslu að hafa verið handteknir. Þeir sjái þannig hlutina ekki sömu augum og þeir sem enn stunda rán. Þar af leiðandi er ekkert skrytið þó svo að mismunandi niðurstöður komi fram eftir því hvort talað er við þá sem eru í fangelsi eða særingja sem ganga lausir (Wright, Decker og fleiri, 1992. Wright, 1997). Rannsókn var gerð meðal göturæningja í St. Louis í Bandaríkjunum sem ekki höfðu verið handteknir fyrir brot sín. Rannsóknin leiddi meðal annars í ljós að mörgum særingjanna fannst þeir ekki hafa val þegar kom að því að fremja rán. Það að fremja rán var fyrir þeim eini raunhæfi möguleikinn til þess að útvega sér peninga en peningabörf er í flestum tilfellum það sem rekur særingja áfram (Wright, 1997).

Áhugavert er að skoða þær ástæður sem íslenskir særingjar gefa upp fyrir ránum sínum. Þetta má sjá á mynd 13.




Mynd 13. Ástæða fyrir ráni (hlutfall rána) samkvæmt málaskrá 1999 til 2004.

Helsta ástæðan fyrir ráni var sú að ræninginn var drukinn eða undir áhrifum fíkniefna en það var ástæðan sem gefin var upp í um 32% tilvika á öllu tímabilinu. Á seinustu tveimur árum hefur aukist að fíkniefnaskuld sé nefnd sem ástæða en hún var nefnd í um 36,6% tilvika á tímabilinu 2003 til 2004. Á mynd 13 sést að fjárþörf var helsta ástæðan fyrir því að menn ákváðu að fremja rán. Á öllu tímabilinu komu upp tvö mál þar sem ræninginn hafði verið rekinn úr vinnu og hann nefndi það sem ástæðu fyrir því að hann ákvað að fremja rán. Í þessum tilvikum rændu afbrotamennirnir gamla vinnustaðinn. Einnig komu upp tvö mál þar sem vinur eða kunningi benti ræningjanum á hentugan ránsstað. Þessi vinur eða kunningi var starfsmaður eða þekkti vel til á ránsstaðnum.

Í sumum skýrslum var að finna nánari skýringar á því hvernig hugmyndin að því að fremja rán var tilkomin. Hafði hún þá komið til vegna þrýstings frá handrukara eða fíkniefnasala. Sumir töluðu um að þetta hefði verið algjör skyndihugdetta. Eitthvað var um að ræningjarnir hefðu unnið á sjálfum ránsstaðnum eða að kunningi þeirra ynni þar. Bankaránshrinan sem átti sér stað 2003 og fram til ársins 2004 kveikti hugmyndir að ráni hjá einhverjum. Einn ræningjanna vildi láta svipta sig sjálfræði og taldi rán vera sniðuga leið til þess. Annar sagðist hafa verið í vondu skapi og viljað gera eitthvað af sér.

Þar sem fjárþörf er helsta ástæðan fyrir því að menn ákveða að fremja rán er áhugavert að skoða í hvað fjármunirnir sem ræningjarnir hafa upp úr krafsinu fara. Samkvæmt rannsóknnum (Wright, 1997 og Matthews, 2002) ræna flestir til þess að halda við dýrum lífsstíl, til að kaupa fíkniefni og áfengi eða stunda fjárhættuspil, svo að eitthvað sé nefnt.



Mynd 14. Ráðstöfun reiðufjár (hlutfall rána) samkvæmt málaskrá 1999 til 2004.

Þegar skoðað er hvað ræningjarnir á Íslandi ætluðu að gera við peningana sem þeir fengu úr ránunum kemur í ljós að það er í takt við það sem komið hefur fram í öðrum rannsóknum. Helmingur ræningjanna sem gaf það upp ætlaði að kaupa sér fíkniefni fyrir peningana (sjá mynd 14). Athygli vekur að á seinustu tveimur árum hefur þeim fjölgað sem ætluðu sér að borga fíkniefnaskuldir, eða um 35,7% á því tímabili sem upplýsingarnar ná til.


Í sumum skýrslunum komu fram nánari skýringar á því hvað ræningjar ætluðu að gera við peningana úr ráninu. Þessar skýringar voru skráðar en þar kom m.a. fram að allmargir rændu þar sem þá vantaði peninga fyrir mat, fíkniefnum, sígarettum og víni. Nokkrir töldu sig vera að innheimta skuldir af fórnarlömbum sínum. Einhverjir ætluðu að kaupa sér fíkniefni og fá sér of stóran skammt af þeim, með öðrum orðum, þeir ætluðu að svipta sig lífi. Einn vantaði peninga fyrir flugfari á meðferðarheimili sem hann dvaldist á. Einn ræningjanna ætlaði sér að fjármagna nám sitt í pípulögnum og annar ætlaði að kaupa sér bíl.

## Framkvæmd ráns

Samkvæmt rannsóknum þykir ræningjum hentugt að vera með hulið andlit, til dæmis með því að vera með skíðahúfur, lambhúshettur, gleraugu og þess háttar. Þetta á sérstaklega við þegar ránsstaðir eru búnir öryggismyndavélum en ræningjunum þykir það líka hentugt svo að fórnarlömb geti ekki borið kennsl á þá síðar (Matthews, 2002, Gills, 2000).

Í þessu sambandi er áhugavert að skoða hvert hlutfall ræningja sem voru með hulið andlit við rán var. Einnig er áhugavert að skoða hvað ræningjar á Íslandi notuðu til þess að hylja andlit sitt með á tímabilinu 1999 til 2004.


## Hulið andlit



**Mynd 15.** Hlutfall rána þar sem ræningjar voru með hulið andlit samkvæmt málaskrá 1999 til 2004.

Á mynd 15 sést að ræningjar huldu andlit sitt í 45% rána. Hlutfall rána þar sem ræningjar huldu andlit sitt hefur farið vaxandi frá 2000.

Til þess að átta sig betur á tilvikum þar sem ræningjar huldu andlit sitt er sá þáttur skoðaður hér með tilliti til eðlis ránsins (mynd 16).



**Mynd 16.** Rán þar sem ræningjar huldu andlit sitt eða ekki samkvæmt málaskrá 1999 til 2004, hlutfallsleg dreifing eftir eðli ráns.

Í öllum þeirra 11 bankarána sem framin voru á tímabilinu huldu ræningjarnir andlit sitt, utan einu sinni. Meirihluti þeirra sem rændu verslanir og sjoppur voru með hulið



andlit. Þessu var öfugt farið meðal þeirra sem frömdu rán á opnum svæðum, en um 80% ræningja þar voru ekki með hulið andlit. Í ránum í heimahúsum og eftir stutt kynni var meirihluti ræningja ekki með hulið andlit.

Tafla 5. Leiðir til að hylja andlit.


|                     | 1999      | 2000     | 2001      | 2002      | 2003      | 2004      | Meðaltal<br>1999 til<br>2003 | Hlutfall<br>(%) |
|---------------------|-----------|----------|-----------|-----------|-----------|-----------|------------------------------|-----------------|
| <b>Lambhúshetta</b> | 7         | 1        | 9         | 0         | 5         | 5         | 4,4                          | 23              |
| <b>Húfa</b>         | 4         | 1        | 3         | 6         | 7         | 4         | 4,2                          | 21              |
| <b>Hetta</b>        | 4         | 3        | 5         | 4         | 2         | 3         | 3,6                          | 18              |
| <b>Trefill</b>      | 2         | 2        | 1         | 1         | 5         | 2         | 2,2                          | 11              |
| <b>Nælonsockur</b>  | 1         | 0        | 3         | 3         | 2         | 1         | 1,8                          | 9               |
| <b>Sólgleraugu</b>  | 4         | 0        | 1         | 0         | 1         | 3         | 1,2                          | 8               |
| <b>Óljóst</b>       | 3         | 2        | 0         | 1         | 0         | 0         | 1,2                          | 5               |
| <b>Grima</b>        | 0         | 0        | 2         | 2         | 0         | 0         | 0,8                          | 3               |
| <b>Vasaklútur</b>   | 0         | 0        | 0         | 0         | 1         | 1         | 0,2                          | 2               |
| <b>Samtals</b>      | <b>25</b> | <b>9</b> | <b>24</b> | <b>17</b> | <b>23</b> | <b>19</b> | <b>19,6</b>                  | <b>100</b>      |

Á töflu 5 sést hvað ræningjarnir notuðu helst til að hylja andlit sitt meðan á ráni stóð. Lambhúshettur og húfur voru langvinsælastar, þær voru notaðar í um 44% tilvika þegar andlit var hulið. Vasaklútar voru sjaldnast notaðir, eða í 2% tilvika. Í sumum tilvikum notuðust ræningjar við fleiri en eitt af ofantöldu til að hylja andlit sitt. Til dæmis kom það fyrir að ræningjar voru bæði með hettu og sólgleraugu.

Þó svo að rán séu framin á ýmsa vegu er markmiðið með þeim öllum það sama, að komast yfir eins mikla peninga og mögulegt er á sem stystum tíma, með lágmarksfyrirhöfn og án þess að vera handtekinn (Gill, 2000). Til þess að ná þessu fram kemur oft fyrir að ofbeldi er beitt við rán en margar rannsóknir benda þó til þess að ræningjar hafi ekki í hyggju að valda líkamlegum meiðslum og að þeir taki vopn með sér til þess að reyna koma í veg fyrir líkamlegt ofbeldi (ibid, 2000). Til þess að rán heppnist þarf ræninginn að ná strax valdi á aðstæðum. Ræningjar notast oftast við hótanir eða ofbeldi til þess að ná stjórn á aðstæðunum. Að sögn Conklins (1972) beita yngri ræningjar frekar ofbeldi í ránum en þeir sem eldri eru.

Samkvæmt rannsóknum (Gills, 2000 og Matthews, 2002) eru aðallega þrjár ástæður fyrir því að líkamleg meiðsl eiga sér stað við rán. Þær eru slys, inngríp vegfaranda og að ræningi meiðir fórnarlömb til þess að auðvelda ránið. Slys geta hæglega orðið þegar rán er framið þar sem ræninginn er oft mjög stressaður og í mörgum tilvikum undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna. Þegar vegfarandi eða fórnarlamb veitir viðnám við rán aukast líkurnar á líkamlegum meiðslum til muna.

Eins og fyrr segir notast ræningjar oftast við hótanir eða ofbeldi til þess að hafa stjórn á aðstæðum þegar þeir fremja rán. Áhugavert er að skoða hvert hlutfall rána var á tímabilinu þar sem fórnarlömbum var hótað, ofbeldi beitt og vopn var meðferðis við rán.




Mynd 17. Rán þar sem fórnarlömbum var hótað, ofbeldi var beitt og vopn voru með í för samkvæmt málaskrá 1999 til 2004, hlutfallsleg dreifing.

Á mynd 17 sést að langflest rán á Íslandi á tímabilinu 1999 til 2004, eða 72% þeirra, voru framín án þess að ræningjar notuðust við hótanir. Ræningjum sem hótuðu fórnarlömbum sínum fjölgaði smávegis á árunum 2002 og 2003.

Á mynd 17 er hægt að sjá rán þar sem ofbeldi var beitt eftir árum. Hér er átt við þau mál þar sem ofbeldi var beitt án þess að notuð væru vopn. Það ofbeldi getur verið allt frá smávegis ryskingum upp í alvarlegar líkamsárásir. Í 51% ránstilvika á tímabilinu 1999 til 2004 var ofbeldi beitt. Á myndinni sést að ofbeldi var beitt oftar árið 2000 en hin árin. Frá árinu 2003 dró úr ofbeldi frá árinu áður.

Mynd 17 sýnir að almennt virðast ræningjar nota vopn til að ná stjórn á aðstæðum án þess þó að notast við hótanir. Vopn voru meðferðis í 56% mála af þeim 217 ránsmálum sem komu fyrir á tímabilinum, frá árinu 2002 hefur vopnanotkun á Íslandi aukist.



**Mynd 18.** Hótun, ofbeldi og vopnaburður samkvæmt málaskrá 1999 til 2004, hlutfallsleg dreifing eftir eðli ráns.

Á mynd 18 sést að fórnarlömbum var síst hótad við rán á í sjoppum þegar flokkað er eftir eðli brots. Meirihluti verslunarrána var framinn án þess að fórnarlömbum væri hótad, eða um 60% þeirra. Við rán í heimahúsum var fórnarlömbum hótad í meirihluta tilvika, eða í um 60% þeirra.


Þegar ofbeldi við rán er skoðað sést að á opnum svæðum var ofbeldi beitt í um 74% tilvika eða um 23% alls ofbeldis. Þegar rán voru framin eftir stutt kynni og þegar pítsusendlar voru rændir var ofbeldi beitt í um 70% tilvika.

Vopn voru notuð í öllum bankaránum sem framin voru á tímabilinu. Langflest verslunar- og sjoppurán voru framin með vopnum, eða um 86%. Þessu var öfugt farið þegar um rán á opnum svæðum var að ræða en þar voru flest þeirra, um 70%, framin án vopna en við slík rán var ofbeldi aftur á móti beitt í 74% tilvika. Meirihluti rána sem framin voru eftir stutt kynni voru líka framin án vopna, eða 74%. Meirihluti rána sem framin voru í heimahúsum og á pítsusendlum voru framin án vopna.

Tafla 6. Tegundir vopna.


|                | 1999      | 2000      | 2001      | 2002      | 2003      | 2004      | Meðaltal<br>fyrir 1999<br>til 2003 | Hlutfall<br>(%) |
|----------------|-----------|-----------|-----------|-----------|-----------|-----------|------------------------------------|-----------------|
| Hnífur         | 10        | 10        | 9         | 14        | 22        | 7         | 13                                 | 56              |
| Rör            | 0         | 0         | 4         | 0         | 1         | 4         | 1                                  | 7               |
| Óljóst         | 3         | 3         | 1         | 0         | 0         | 0         | 1,4                                | 5               |
| Kylfa          | 1         | 0         | 1         | 0         | 1         | 2         | 0,6                                | 4               |
| Spýta          | 1         | 1         | 0         | 0         | 0         | 3         | 0,4                                | 4               |
| Exi            | 0         | 1         | 0         | 1         | 1         | 1         | 0,6                                | 3               |
| Hamar          | 1         | 2         | 0         | 0         | 0         | 1         | 0,6                                | 3               |
| Sprauta        | 1         | 1         | 1         | 0         | 0         | 1         | 0,6                                | 3               |
| Flaska         | 0         | 0         | 2         | 0         | 0         | 2         | 0,4                                | 3               |
| Táragasúði     | 0         | 0         | 1         | 0         | 0         | 1         | 0,2                                | 1               |
| Byssa          | 1         | 0         | 0         | 0         | 1         | 0         | 0,4                                | 2               |
| Lofthbyssa     | 0         | 0         | 1         | 0         | 0         | 1         | 0,2                                | 1               |
| Skrúflykill    | 1         | 0         | 1         | 0         | 0         | 1         | 0,4                                | 2               |
| Kúbein         | 0         | 0         | 0         | 1         | 0         | 0         | 0,2                                | 1               |
| Hjólábretti    | 0         | 0         | 0         | 1         | 0         | 0         | 0,2                                | 1               |
| Rafstuðtæki    | 1         | 0         | 0         | 0         | 0         | 0         | 0,2                                | 1               |
| Sög            | 0         | 0         | 1         | 0         | 0         | 0         | 0,2                                | 1               |
| Sveðja         | 1         | 0         | 0         | 0         | 0         | 0         | 0,2                                | 1               |
| Þumaljárn      | 1         | 0         | 0         | 0         | 0         | 0         | 0,2                                | 1               |
| <b>Samtals</b> | <b>22</b> | <b>18</b> | <b>22</b> | <b>17</b> | <b>26</b> | <b>24</b> | <b>21</b>                          | <b>100</b>      |

Á töflu 6 er hægt að sjá hvaða tegundir vopna komu við sögu í ránum. Hnífur var langalgengasta vopnið sem notað var í ránum á Íslandi á þessu tímabili, eða í 56% þeirra tilfella þar sem vopn voru notuð. Þar næst komu rör, sem voru notuð í um 7% tilfella. Þegar vopnaburður við rán árið 2004 er borinn saman við meðaltal á tímabilinu 1999 til 2003 kemur í ljós að hnífar eru mun sjaldnar notaðir árið 2004 en hin árin (7 sinnum árið 2004 en 13 sinnum að meðaltali hin árin). Rör voru hins vegar oftast notuð árið 2004 en hin árin (fjórú sinnum árið 2004 á móti einu sinni að meðaltali á tímabilinu 1999 til 2003). Meðalfjöldi rána þar sem vopn komu við sögu var 21 á ári á tímabilinu 1999 til 2003 en á árinu 2004 var vopnum beitt 24 sinnum.




**Mynd 19.** Beiting vopna við rán samkvæmt málaskrá 1999 til 2004, hlutfallsleg dreifing.

Á mynd 19 er hægt að sjá hvernig beitingu vopna var háttáð við rán á tímabilinu 1999 til 2004. Það telst vera vopnabeiting hér þegar vopni var otað eða beint að líkama fórnarlamb. Hér eru talin öll þau rán á tímabilinu þar sem vopn var með í för. Á seinasta ári fjölgaði tilvikum þar sem ógnað var með vopnum eða þeim beitt. Árið 2004 var vopni beitt eða því beint að fórnarlambi í öllum ránstilvikum þegar það var með í för. Hæsta hlutfall rána þar sem engin vopnabeiting átti sér stað var árið 1999 en árið 2004 var það lægst.



**Mynd 20.** Vopnabeiting eftir eðli ráns samkvæmt málaskrá 1999 til 2004, hlutfallsleg dreifing.

Þegar mynd 20 er skoðuð sést að í 54,5% bankarána var vopnum ekki beitt. Við verslunar- og sjóppurán var hlutfallið milli þess hvort vopni var beitt eða ógnað með því mjög svipað. Við rán í heimahúsum var annaðhvort vopni beitt eða ógnað með því. Tiltölulega mörg pítsusendlarán voru framin án vopna.




Mynd 21. Vopna og ofbeldisbeiting í ránum samkvæmt málaskrá 1999 til 2004, hlutfallsleg dreifing.

Á mynd 21 sést að vopnabeiting og ofbeldisbeiting fylgjast ekki alltaf að en á myndinni eru tekin með öll rán á tímabilinu þar sem vopn og ofbeldi koma við sögu. Í 39,6% ránstilvika þegar ofbeldi var beitt var vopn ekki notað (og það jafnvel ekki með í för). Í 7,8% ránstilvika var bæði ofbeldi og vopnum beitt. Í 17,9% ránstilvika þegar vopn var notað var ofbeldi ekki beitt.

## Fórnarlömb rána

Ránsbrot eru þess eðlis að í þeim er alltaf fórnarlamb eða vitni sem getur í flestum tilfellum gefið skýrslu af ráninu. Framburður vitna veitir mjög mikilvægar upplýsingar um ránin og eykur líkurnar á því að þau upplýsist. Áhugavert er að skoða hver voru helstu fórnarlömb ræningja á Íslandi á tímabilinu 1999 til 2004.



Mynd 22. Aldur fórnarlamba rána samkvæmt málaskrá 1999 til 2004, hlutfallsleg dreifing.


Fjölmenntasti hópur fórnarlamba á seinustu árum var fólk yngra en 20 ára. Sá hópur var um 31% fórnarlamba. Það á þó ekki við um árið 2004 en þá var fjölmenntasti hópurinn fólk á aldrinum 21 til 30 ára, eða um 34%. Helstu breytingar á aldri fórnarlamba var að hlutfall fólks á aldrinum 21 til 30 ára jókst mikið á seinasta ári. Á sama tíma dró úr hlutfalli fórnarlamba á aldrinum 20 ára og yngri og fólks á aldrinum 31 til 50 ára. Meðalaldur fórnarlamba var 33,7 ár fyrir allt tímabilið.

Tafla 7. Meðalaldur fórnarlamba flokkaður eftir eðli ráns.

|                                  | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 |
|----------------------------------|------|------|------|------|------|------|
| <b>Bankar</b>                    | 0    | 0    | 0    | 0    | 45,9 | 42,5 |
| <b>Verslanir og sjoppur</b>      | 30,1 | 26,9 | 32,5 | 24,5 | 31,6 | 32,2 |
| <b>Opin svæði og stutt kynni</b> | 37,5 | 33,2 | 36   | 34   | 38,3 | 42,4 |
| <b>Í heimahúsum</b>              | 0    | 41,2 | 35   | 30   | 0    | 25,7 |
| <b>Pítsusendlar</b>              | 18,7 | 19   | 19   | 21,5 | 0    | 19   |


Þegar skoðuð voru þau rán þar sem vanalega er bara um eitt fórnarlamb að ræða, eins og rán á opnum svæðum og eftir stutt kynni, kom í ljós að meðalaldur fórnarlamba var hæstur árið 2004, eða um 42,4 ár, en hann var lægstur árið 2000, eða 33,2 ár. Þarna sést að fórnarlömb ræningja eru talsvert miklu eldri, eða næstum því 10 árum eldri að meðaltali, árið 2004 en árið 2000. Það er áhugavert að velta fyrir sér hvað liggja að

baki þessari hækkun á meðalaldri fórnarlamba ræningja á opnum svæðum og eftir stutt kynni.



**Mynd 23.** Kyn fórnarlamba samkvæmt málaskrá 1999 til 2004 (fjöldi rána).

Karlur voru fleiri meðal fórnarlamba ræningja (152) en konur (138). Þegar fórnarlömb voru fleiri en eitt voru konur oftast fórnarlömb en karlar (sjá töflu 9 í Viðauka 2), en helsta skýringin á því var tilkoma bankarána á seinustu tveimur árum en algengt er að þar séu margar konur við vinnu.




**Mynd 24.** Kyn fórnarlamba samkvæmt málaskrá 1999 til 2004, hlutfallsleg dreifing eftir árum.

Þegar hlutfall fórnarlamba eftir kyni er skoðað á tímabilinu 1999 til 2004 sést að þar er nokkur munur á. Karlmennt voru 52% fórnarlamba á öllu tímabilinu. Hlutfall kvenna




jókst aftur á móti seinustu ár. Eins og sést á mynd 24 var hlutfall kvenna mun hærra en karla árið 2003 en þá voru konur 63% fórnarlamba. Þessi aukning á fjölda kvenna á seinustu tveimur árum er í beinum tengslum við tilkomu bankarána á sama tíma.



**Mynd 25.** Kyn fórnarlamba samkvæmt málaskrá 1999 til 2004, hlutfallsleg dreifing eftir eðli ráns.

Þegar kyn fórnarlamba er skoðað eftir eðli ráns sést að konur voru í meirihluta sem fórnarlömb bankarána, eða um 80%. Karlar voru í meirihluta fórnarlamba rána á opnum svæðum, eða í um 78% ránstilvika.


Þeir sem eru rændir á opnum svæðum, eftir stutt kynni, í heimahúsum, í verslunum og sjoppum teljast eigendur fjármuna sem rændir eru. Með eigendum er átt við að sá sem rændur er á fjármunina eða varninginn sem tekinn er, t.d. sjoppu- eða verslunareigandi eða einstaklingur sem rændur er. Pítsusendlar eru gott dæmi um þá sem teljast ekki til eigenda, nema þá að veski þeirra sé rænt.



**Mynd 26.** Eigendur fjármuna sem rænt var og kyn þeirra samkvæmt málaskrá 1999 til 2004, hlutfallsleg dreifing.

Af þeim 217 málum sem til umfjöllunar eru hér voru eigendurnir sjálfir fórnarlömb á ránsstaðnum í 55% tilvika. Á mynd 26 sést að á tímabilinu dró úr því að eigendur ránsfengs væru sjálfir fórnarlömb ræningjanna. Þetta er í takt við þá þróun sem varð á eðli rána en á tímabilinu dró úr ránum á opnum svæðum, eins og áður hefur komið fram, og bankarán komu til sögunnar. Að sjálf sögðu er minna um að eigendur séu á staðnum við bankarán en við rán á öðrum stöðum.

Á mynd 26 sést að hlutfall karla var hærra en kvenna þegar skoðað var kyn þeirra eigenda sem rændir voru. Eigendur sem rændir voru á tímabilinu voru í 73% tilvika karlar.




**Mynd 27.** Fjöldi eigenda ránsfengs sem jafnframt voru fórnarlömb í ránum samkvæmt málaskrá 1999 til 2004, flokkaður eftir eðli ráns.

Á mynd 27 sést hver fjöldi eigenda var flokkaður eftir eðli ráns á tímabilinu 1999 til 2004. Þarna sést að þeir sem oftast áttu verðmætin sem ræningjarnir tóku voru þeir sem rændir voru á opnum svæðum. Þar rétt á eftir komu þeir sem rændir voru eftir stutt kynni. Árið 2004 dró heldur úr ránum á opnum svæðum og því dró að sama skapi hlutfallslega úr ránum á eigendum sjálfum. Hlutfall þeirra fórnarlamba sem voru eigendur þeirra fjármuna sem stolið var í heimahúsum jókst árið 2004.


## Rán í Reykjavík

Í þessum hluta skýrslunnar voru öll ránsmál sem upp komu á tímabilinu 1999 til 2004 í lögsagnarumdæmi lögreglunnar í Reykjavík tekin saman. Þessi mál voru svo borin saman við greinargerð sem lögreglumennirnir Guðmundur Guðjónsson og Karl Steinar Valsson sömdu og bar heitið *Rán í Reykjavík* og fjallaði um rán á tímabilinu 1987 til 1994.




Mynd 28. Fjöldi rána í Reykjavík samkvæmt málaskrá 1987 til 1994 og 1999 til 2004.

Á mynd 28 sést fjöldi rána í Reykjavík á fyrra tímabilinu, 1987 til 1994, og á seinna tímabilinu, 1999 til 2004. Á tímabilinu 1987 til 1994 voru 137 rán tilkynnt til lögreglu en á seinna tímabilinu 168. Það gera að meðaltali 17,1 rán á ári á fyrra tímabilinu en 28 rán á seinna tímabilinu. Á þessu sést að ránum fjölgaði nokkuð frá fyrra tímabilinu til hins seinna. Ef árin 1994 og 2004 eru borin saman sést að ekki er mikill munur á fjölda rána á þessum árum, aðeins tveimur ránum fleira árið 2004 en árið 1994.



**Mynd 29.** Hlutfallsleg meðaldreifing rána í Reykjavík eftir mánuðum samkvæmt málaskrá 1987 til 1994 og 1999 til 2004.


Á tímabilinu 1987 til 1994 voru flest rán framin í ágúst, eða 12%, en fæst í júlí, 4%. Tíðni rána í Reykjavík eftir mánuðum breyttist mikið frá fyrra tímabilinu til hins síðara (1999 til 2004) en á því síðara voru rán flest í febrúar en 13% allra rána á tímabilinu voru framin þá. Á seinna tímabilinu voru fæst rán framin í Reykjavík í ágúst, eða 1,8% rána, en flest rán voru einmitt framin í þeim mánuði á fyrra tímabilinu.



**Mynd 30.** Tími sólarhrings sem rán voru framin á í Reykjavík samkvæmt málaskrá 1987 til 1994 og 1999 til 2004, hlutfallsleg meðaldreifing.

Á mynd 30 sést að flest rán á seinna tímabilinu voru framin að kvöldi frá kl. 18 til 24 (42%). Fæst rán á sama tímabili voru framin að morgni frá kl. 8 til 12 (5%). Ekki er

mikill munur á því hvenær sólarhrings rán voru framin eftir tímabilunum. Flest rán á tímabilinu 1987 til 1994 voru þó framin að nóttu eða frá kl. 24 til 8, eða 42% rána. Fæst rán voru framin að morgni frá kl. 8 til 12 (6%) og á það við bæði tímabilin.



**Mynd 31.** Hlutfallsleg meðaldreifing rána í Reykjavík eftir vikudögum samkvæmt málaskrá 1987 til 1994 og 1999 til 2004.

Flest rán á seinna tímabilinu voru framin á sunnudögum (22%) en þar á eftir komu laugardagar. Nær helmingur rána í Reykjavík átti sér stað um helgar, eða 42% þeirra. Flest rán á fyrra tímabilinu voru framin á laugardögum (22%) en sunnudagar komu þar rétt á eftir. Um 45% allra rána átti sér stað um helgar á tímabilinu 1987 til 1994. Fæst rán voru framin á föstudögum á fyrra tímabilinu en á fimmtudögum á seinna tímabilinu.

## Eðli rána

Á seinna tímabilinu voru sex bankarín framin á árunum 2003 og 2004. Aðeins voru framin tvö bankarín á fyrra tímabilinu, bæði árið 1988. Á fyrra tímabilinu voru 22 rán framin í sjoppum og verslunum, eða 16% rána. Þessi rán voru komin upp í 65 talsins, eða 38,6% rána, á seinna tímabilinu. Á opnum svæðum voru framin 20 rán á fyrra tímabilinu, eða 15% rána, en á seinna tímabilinu var þessi fjöldi komin upp í 61 rán, eða 36,3% rána. Rán eftir stutt kynni voru 20 talsins á fyrra tímabilinu, eða 15% rána, en á seinna tímabilinu var þessi fjöldi 21, eða 12,5% rána.

## Einstaklingar


Tafla 8. Fjöldi árásmanna.

| Fjöldi árásmanna | Samtals 1987 til 1994 | Meðalfjöldi rána á ári 1987 til 1994 | Hlutfall 1987 til 1994 | Samtals 1999 til 2004 | Meðalfjöldi rána á ári 1999 til 2004 | Hlutfall 1999 til 2004 |
|------------------|-----------------------|--------------------------------------|------------------------|-----------------------|--------------------------------------|------------------------|
| Einn             | 46                    | 5,8                                  | 33,8                   | 85                    | 14,2                                 | 50,5                   |
| Tveir            | 53                    | 6,6                                  | 39                     | 54                    | 9                                    | 32,1                   |
| Þrír             | 19                    | 2,4                                  | 14                     | 20                    | 3,3                                  | 11,9                   |
| Fjórir           | 12                    | 1,5                                  | 8,8                    | 5                     | 0,8                                  | 2,9                    |
| Fimm og fleiri   | 3                     | 0,4                                  | 2,2                    | 3                     | 0,5                                  | 1,7                    |
| Óljóst           | 3                     | 0,4                                  | 2,2                    | 1                     | 0,2                                  | 0,6                    |

Alls stóðu 302 einstaklingar að þeim 168 ránsmálum sem upp komu á seinna tímabilinu eða að meðaltali tveir í hverju máli. Í 50,5% ránstílvika var um einn árásmann að ræða. Í um þriðjungum ránsamála var um tvo árásmenn að ræða. Á fyrra tímabilinu komu upp 137 ránsmál og stóðu 283 einstaklingar að þeim, eða eins og á seinna tímabilinu að meðaltali tveir í hverju ráni. Í 33,8% ránstílvika var um einn árásmann að ræða. Athygli vekur að það var hlutfallslega meira um að árásmenn væru tveir en einn á fyrra tímabilinu, eða í um 39% ránstílvika.


## Fórnarlömb ræningja

Fórnarlömb voru alls 143 á fyrra tímabilinu en 212 á því seinna. Karlmennt voru í meirihluta meðal fórnarlamba á báðum tímabilunum eins og sést á mynd 32.



Mynd 32. Kyn fórnarlamba við rán í Reykjavík samkvæmt málaskrá 1987 til 1994 og 1999 til 2004, hlutfallsleg dreifing.

Í 63% ránstílvika á seinna tímabilinu voru karlmenn fórnarlömb við rán en á því fyrra voru þeir fórnarlömb í um 72% ránstílvika. Greinilegt er að hlutfall kvenna sem fórnarlamba við rán hefur aukist í seinni tíð miðað við bæði tímabilin sem um ræðir.



**Mynd 33.** Aldur fórnarlamba við rán samkvæmt málaskrá 1987 til 1994 og 1999 til 2004, hlutfallsleg dreifing.

Meðalaldur fórnarlamba á seinna tímabilinu var 33 ár en þá var fjölmennasti aldurshópurinn fólk á aldrinum 17 til 20 ára, eða um 25% ránsfórnarlamba. Þar rétt á eftir komu þeir sem voru 21 til 25 ára, eða um 16%. Fámennasti hópurinn á báðum tímabilunum voru þeir sem voru yngri en 16 ára, eða rétt um 12,6% á fyrra tímabilinu og 6,3% á seinna tímabilinu. Á fyrra tímabilinu var fjölmennasti aldurshópurinn 26 til 30 ára, eða um 20% ránsfórnarlamba. Þessi hópur var aftur á móti næstfámennasti hópurinn á seinna tímabilinu, eða um 8% ránsfórnarlamba. Fólk á aldrinum 41 til 50 ára var fámennasti hópurinn á fyrra tímabilinu, eða um 4% ránsfórnarlamba. Í þessum aldurshópi voru um 13% ránsfórnarlamba á seinna tímabilinu.

Á fyrra tímabilinu var vopnum beitt, ógnað með þeim eða hótað í 13% ránstílvika en á seinna tímabilinu var það gert í 43% ránstílvika. Greinilegt er að mjög jókst að vopnum væri beitt eða ógnað með þeim frá fyrra tímabilinu til hins síðara.

## Hluti 4. Lokaorð og umræða

Fjöldi rána á Íslandi hefur á seinustu árum, eða frá 1999 til 2004, haldist nokkuð stöðugur ef marka má fjölda tilkynntra rána á þessu tímabili. Einhverjar breytingar hafa orðið á því á hvaða dögum ránin eru framin en þeim hefur fjölgað á virkum dögum og í kjölfarið hefur þeim fækkað um helgar. Mestur hluti rána er þó enn framinn um helgar. Einnig hefur aukist að rán séu framin á morgnana en flest rán eru þó enn framinn á kvöldin.

Bankarán koma ekki við sögu á tímabilinu fyrr en tvö seinustu árin en þá eru þau samtals 11. Þessi tilkoma bankarána hafði mikil áhrif á eðli rána, t.d. jókst fjárhæð í ránum mjög mikið með tilkomu þeirra en hæsta fjárhæðin var einmitt úr bankaráni, 1,7 milljónir króna. Algengast var að einhver væri handtekinn „seinna“ (30 mínútum eftir atburðinn eða síðar) í tengslum við bankaránin. Árásarmaður var oftast einn. Allir bankaræningjarnir voru með hulið andlit þegar þeir frömdu ránið nema einn. Lítið hlutfall þeirra notaðist við hótanir eða ofbeldi í ránunum en þeir voru með vopn í þeim öllum. Ránsfórnarlömb í bönkunum voru að meirihluta konur og meðalaldurinn var 44,2 ár.

Á tímabilinu voru verslunar- eða sjoppurán 40,5% allra rána. Fjöldi þessara rán var tiltölulega stöðugur seinustu ár. Algengast var að einhver væri handtekinn „seinna“ (30 mínútum eftir atburðinn eða síðar) í tengslum við þessi rán. Árásaraðili var oftast einn. Um helmingur þeirra sem rændu verslanir eða sjoppur voru undir áhrifum vímuefna þegar þeir frömdu ránið. Um 74% þeirra sem rændu verslanir og sjoppur voru með hulið andlit þegar þeir frömdu ránið. Mest var um hótanir við verslunarrán en þetta hlutfall var samt sem áður lágt og meirihluti þessara rána var framinn án hótana. Einnig var tiltölulega lítið um að ofbeldi væri beitt við rán þótt mikill meirihluti rána (86%) væri framinn með vopnum. Ránsfórnarlömb í verslunum og sjoppum voru að meirihluta konur og meðalaldurinn var 29,6 ár.

Flest rán á tímabilinu (42,3%) voru framin á opnum svæðum og eftir stutt kynni fórnarlamb og ræningja. Þó fækkaði ránum á opnum svæðum um helming frá 2003 til 2004. Langflest þessara rána eru óljós þannig að enginn var handtekinn í tengslum við þau. Árásarmenn voru oftast fleiri en einn við þessi rán. Einnig var óljóst hvort þessir ræningjar voru undir áhrifum vímuefna og þá hvaða efna þegar þeir frömdu ránið. Mikill meirihluti (80%) þeirra sem frömdu rán á opnum svæðum og eftir stutt kynni voru ekki með hulið andlit við ránið. Lítið var um hótanir við þessi rán en ofbeldi var beitt við meirihluta þeirra (74%). Mikill meirihluti (72%) rána á opnum svæðum og eftir stutt kynni var framinn án vopna. Beiting vopna var líka í lágmarki við þessi rán. Ránsfórnarlömb á opnum svæðum og eftir stutt kynni voru að meirihluta karlar og meðalaldurinn var 36,9 ár en meðalaldur fórnarlamba í þessum ránum hefur hækkað á seinustu árum.

Rán í heimahúsum komu ekki fyrir á hverju ári á tímabilinu en þau voru flest fjögur á einu ári. Flest þessara rána voru framin án þess að ræningi hyldi andlit sitt. Árásarmenn voru oftast fleiri en einn. Í meirihluta þessara rána var notast við hótanir



og ofbeldi var beitt. Meirihluti rána í heimahúsum var framinn án vopna. Ránsfórnarlömb voru að meirihluta karlar og meðalaldurinn var 32,9 ár.

Pítsusendlarán komu ekki við sögu á hverju ári en það lítur út fyrir að heldur hafi dregið úr þessum ránum í seinni tíð. Árásarmenn voru oftast fleiri en einn og í flestum tilvikum huldi ræninginn ekki andlit sitt. Lítið var um hótanir í þessum ránum en ofbeldi var beitt við meirihluta þeirra. Vopn voru sjaldan notuð við pítsusendlarán. Ránsfórnarlömbin voru í öllum tilvikum karlar og meðalaldurinn var 19,4 ár.

Helsta tegund ræningja á tímabilinu voru fíklar og drykkjuræningjar (e. *addicts and alcoholic robbers*), það er að segja sú tegund ræningja sem rænir til að fjármagna neyslu sína. Þegar ræningjar gáfu upp ástæðu fyrir því af hverju þeir frömdu ránið var algengasta ástæðan sú að þeir voru drukknir eða undir áhrifum fíkniefna, þar á eftir gáfu þeir upp þá ástæðu að þeir skulduðu fíkniefni. Ræningjarnir ætluðu flestir að eyða ránsfengnum í fíkniefni, annaðhvort með því að kaupa sér fíkniefni eða að borga fíkniefnaskuldir. Einnig var algengt að þeir ætluðu að eyða peningum í mat, áfengi og sígarettur. Út frá þessu er greinilegt að fíkniefni áttu stóran þátt í ránum á Íslandi á tímabilinu 1999 til 2004.

Samanburður á ránum í Reykjavík á tímabilunum 1987 til 1994 og 1999 til 2004 leiddi meðal annars í ljós að nokkur aukning hefur orðið á ránum frá fyrra tímabilinu til hins seinna. Breyting hefur orðið á ránum eftir mánuðum en flest rán voru framin í ágúst á fyrra tímabilinu en á seinna tímabilinu voru fæst rán í þeim mánuði. Flest rán á seinna tímabilinu voru framin yfir háveturinn. Sá tími sólarhrings sem rán voru framin á breyttist þar sem flest rán voru framin milli kl. 24 og 8 á fyrra tímabilinu en milli kl. 18 og 24 á seinna tímabilinu. Flest rán á báðum tímabilum voru framin um helgar. Framin voru fleiri bankarán á seinna tímabilinu en því fyrra og sjoppu- og verslunarrán voru einnig mun fleiri á seinna tímabilinu, eða um 38,6% rána, en þau voru aðeins 16% rána á fyrra tímabilinu. Sömu sögu var að segja um rán á opnum svæðum en þau voru um 15% rána á fyrra tímabilinu en voru orðin 36,3% rána á seinna tímabilinu. Hlutfallslega fleiri rán eftir stutt kynni voru framin á fyrra tímabilinu heldur en því seinna. Á fyrra tímabilinu voru árásarmenn hlutfallslega oftast tveir heldur en á seinna tímabilinu. Mjög jókst að vopnum væri beitt og ógnað með þeim frá fyrra tímabilinu til hins seinna. Karlmennt voru oftast fórnarlömb á báðum tímabilunum en þó jókst hlutfall kvenna mikið á seinna tímabilinu. Fjölmennasti aldurshópurinn á fyrra tímabilinu var fólk á aldrinum 26 til 30 ára en þessi hópur var næstfámennastur á seinna tímabilinu en þá var aldurshópurinn 17 til 20 ára langfjölmennastur.

Markmið ofangreindrar skýrslu var að reyna varpa ljósi á þessa tilteknu tegund afbrota, rán. Kynntar voru tvær kenningar, skynsemiskenningin og lífsstílskenningin, en í báðum er ljósinu beint að glæpamanninum sjálfum. Reynt var að skoða hverjir fremja rán og hverjir eru helstu fórnarlömb rána. Eftirfarandi spurninga var meðal annars spurt: Hvar eru rán framin? Hvað fæst mikil fjárhæð úr þeim? Hvernig eru þau framin? Er notast við hótanir? Er ofbeldi beitt? Eru vopn með í för? Er þeim beitt? Þegar á heildina er lítið sést að nokkur breyting hefur átt sér stað á seinustu árum við rán. Svo virðist sem einhvers konar tilfærsla hafi átt sér stað í sambandi við eðli rána.

Heldur hefur dregið úr pítsusendlaránum, ránum á opnum svæðum og ránum eftir stutt kynni en á móti kemur að á seinustu tveimur árum hafa bankarán komið til sögunnar. Ef þessi tilfærsla er skoðuð í ljósi lífsstílskenningarinnar er hægt að líta svo á, miðað við tímabilið sem um ræðir, að í seinni tíð hafi bankar orðið hentugri skotmörk en önnur, eins og fórnarlömb á opnum svæðum og pítsusendlar. Hægt er að búast við því að bæði pítsusendlar og vegfarendur á opnum svæðum séu ekki með eins mikla peninga á sér í dag eins og þeir voru með fyrir nokkrum árum, meðal annars vegna aukinna kortaviðskipta. Hér verður þó að hafa varann á því að ekkert í gögnunum bendir til þess að þeir sem áður rændu pítsusendla og fólk á opnum svæðum séu þeir sömu og ræna banka í dag.

Algengara var að ræningjar notuðu vopn og hyldu andlit sitt við sjoppu-, verslunar- og bankarán en við rán á opnum svæðum, eftir stutt kynni, í heimahúsum og við pítsusendlarán. Hægt er að draga þá ályktun að þessi rán séu skipulagðari þegar ræninginn er með hulið andlit og vopn en þegar hann er ekki þannig útbúinn. Einnig er meiri fjárhæða að vænta úr þessum ránum. Samkvæmt þessu má álykta að skipulagðari rán hafi aukist í seinni tíð.

Ef rán eru skoðuð út frá skynsemiskenningunni er áhugavert að hafa í huga þær ástæður sem ræningjar gáfu upp fyrir ráni. Peningabörf eða víma (áfengis- eða fíkniefnavíma) var algengasta ástæðan sem þeir gáfu upp fyrir ráni. Vert er að minna á að með skynsemiskenningunni er gengið út frá því að það að brjóta af sér sé hegðun sem hafi í för með sér einhvers konar ábata fyrir glæpamanninn. Glæpamenn hafa einhver markmið þegar þeir brjóta af sér, þó svo að þessi markmið séu oft og tíðum skammtímamarkmið og glæpamennirnir taki aðeins með í reikninginn fáa kosti en mikla áhættu á sama tíma.

Á tímabilinu var stór hluti ræningja undir áhrifum áfengis eða fíkniefna þegar hann framdi ránið, sem bendir til þess að ákvarðanataka ræningja sé oft byggð á slakri dómgreind sökum áfengis og fíkniefna. Eins og áður hefur komið fram er mat glæpamannsins á því hvort hann eigi að fremja rán að mestu byggt á þeim aðstæðum sem hann er í þá stundina. Skynsemi og mat glæpamanns er því oft og tíðum takmarkað af litlum tíma, eigin getu og þeim upplýsingum sem glæpamaðurinn hefur. Hann hefur þannig sjaldnast heildarmynd af öllum kostum og ókostum við tiltekinn glæp.

Með tilkomu þessarar skýrslu og gagnagrunns sem útbúinn var í tengslum við hana er nú hægt að halda áfram að skoða þau rán sem tilkynnt eru til lögreglu og fylgjast þannig með þróun á ránum á Íslandi.

## Viðauki 1: Breytur

Eðli rána = bankarán, verðslanir, sjoppur og myndbandaleigur, opin svæði, heimahús, eftir stutt kynni, pítsusendlar.

Tími = klukkan hvað rán var framið (tími sólarhrings).

Fjárhæð = upphæð ránsfjárhæðar.

Fjármunir = já / nei.

Önnur verðmæti = hvaða verðmæti, t.d. sígarettupakkar.

Eigandi = eigandi á staðnum eða ekki.

Staður áður rændur = já / nei / óljóst.

Hótun = já / nei / óljóst.

Ofbeldisbeiting (hér er bara átt við ofbeldi án vopna) = já / nei / óljóst.

Vopn meðferðis = já / nei / óljóst.

Vopnategund = tegund vopns.

Vopnabeiting = nei / otað / otað að hálsi / otað að andliti / ógnað með vopni / vopni beitt / óljós ógnun.

Handtaka = á vettvangi / seinna / óljóst.

Hulið andlit = já / nei / óljóst.

Hulið andlit – tegund = hvað huldi andlit?

Fíkniefnatenging = já / nei / óljóst.

Allsgáður = já / nei / óljóst.

Undir áhrifum = nei / áfengi / örvandi efni / kannabis / áfengi og fíkniefni / lyf / óljóst.

Fráhvörf = já / nei / óljóst.

Kyn ræningja = karl / kona / karl og kona.

Fjöldi ræningja = hversu margir ræningjar voru að verki?

Tegund ræningja = fíkill eða drykkjuræningi / tækifærisræningi / atvinnuræningi.

Hugmynd að ráni = skuldaði / vantaði fíkniefni / vantaði peninga / undir áhrifum / rekinn úr vinnu / ábending vinar / óljóst / vantaði bæði fíkniefni og peninga.

Nánari hugmynd að ráni = ef hún kom fram í skýrslum var hún skráð.

Til hvers átti að nota reiðufé? = kaupa fíkniefni eða áfengi / borga fíkniefnaskuld / kaupa fíkniefni eða áfengi og borga fíkniefnaskuld / kaupa bíl / kosta pípulagninganáam / eyða í sjálfan sig / kemur ekki fram.

Til hvers átti að nota reiðufé? = ef frekari skýringar komu fram í skýrslum voru þær skráðar.

Kyn fórnarlamba = karl / kona / karl og kona.

Aldur fórnarlamba = fæðingarár.

Fjöldi fórnarlamba = fjöldi þegar fórnarlamba þegar rán var framið.

## Viðauki 2

Tafla 9. Kyn og fjöldi fórnarlamba.

| <b>Fjöldi</b>              | <b>1</b> | <b>2</b> | <b>3</b> | <b>4</b> | <b>5</b> | <b>6</b> |
|----------------------------|----------|----------|----------|----------|----------|----------|
| <b>Karlar</b>              | 121      | 5        | 2        | 0        | 0        | 0        |
| <b>Konur</b>               | 53       | 11       | 8        | 0        | 2        | 1        |
| <b>Konur og karlar</b>     | 0        | 5        | 0        | 0        | 0        | 0        |
| <b>2 konur og karl</b>     | 0        | 0        | 5        | 0        | 0        | 0        |
| <b>3 konur og karl</b>     | 0        | 0        | 0        | 1        | 0        | 0        |
| <b>3 konur og 2 karlar</b> | 0        | 0        | 0        | 0        | 1        | 0        |
| <b>2 konur og 2 karlar</b> | 0        | 0        | 0        | 1        | 0        | 0        |
|                            | 173      | 21       | 15       | 2        | 3        | 1        |

## Myndaskrá

|  |    |
|--|----|
| Mynd 1. Fjöldi rána samkvæmt málaskrá 1999 til 2004. ....  | 15 |
| Mynd 2. Hlutfallsleg dreifing rána eftir mánuðum samkvæmt málaskrá 1999 til 2004. ....   | 15 |
| Mynd 3. Hlutfallsleg dreifing rána eftir vikudögum samkvæmt málaskrá 1999 til 2004. ....   | 16 |
| Mynd 4. Tími sólarhrings sem rán voru framin á samkvæmt málaskrá 1999 til 2004, hlutfallsleg dreifing. ....  | 17 |
| Mynd 5. Meðalaldur handtekinna sem höfðu réttarstöðu grunaðra um rán samkvæmt málaskrá 1999 til 2004, hlutfallsleg dreifing. ....                  | 21 |
| Mynd 6. Hlutfallsleg dreifing rána samkvæmt málaskrá 1999 til 2004, eftir því hvort einhver var handtekinn og hvenær. ....                         | 22 |
| Mynd 7. Hlutfallsleg dreifing rána samkvæmt málaskrá 1999 til 2004, handtaka eftir eðli rána. ....   | 23 |
| Mynd 8. Ástand ræningja við rán samkvæmt málaskrá 1999 til 2004, hlutfallsleg dreifing. ....   | 24 |
| Mynd 9. Ástand ræningja sem handteknir voru samkvæmt málaskrá 1999 til 2004, hlutfallsleg dreifing eftir tegund ráns. ....                         | 25 |
| Mynd 10. Vímuástand ræningja við rán samkvæmt málaskrá 1999 til 2004, hlutfallsleg dreifing. ....  | 26 |
| Mynd 11. Ástand ræningja eftir því undir áhrifum hvaða efna þeir voru samkvæmt málaskrá 1999 til 2004, hlutfallsleg dreifing eftir eðli rána. .... | 26 |
| Mynd 12. Tegund ræningja samkvæmt málaskrá 1999 til 2004, hlutfallsleg dreifing. ....  | 27 |
| Mynd 13. Ástæða fyrir ráni (hlutfall rána) samkvæmt málaskrá 1999 til 2004. ....   | 29 |
| Mynd 14. Ráðstöfun reiðufjár (hlutfall rána) samkvæmt málaskrá 1999 til 2004. ....   | 30 |
| Mynd 15. Hlutfall rána þar sem ræningjar voru með hulið andlit samkvæmt málaskrá 1999 til 2004. ....   | 31 |
| Mynd 16. Rán þar sem ræningjar huldu andlit sitt eða ekki samkvæmt málaskrá 1999 til 2004, hlutfallsleg dreifing eftir eðli ráns. ....             | 31 |
| Mynd 17. Rán þar sem fórnarlömbum var hótað, ofbeldi var beitt og vopn voru með í för samkvæmt málaskrá 1999 til 2004, hlutfallsleg dreifing. .... | 33 |
| Mynd 18. Hótun, ofbeldi og vopnaburður samkvæmt málaskrá 1999 til 2004, hlutfallsleg dreifing eftir eðli ráns. ....                                | 34 |
| Mynd 19. Beiting vopna við rán samkvæmt málaskrá 1999 til 2004, hlutfallsleg dreifing. ....  | 36 |
| Mynd 20. Vopnabeiting eftir eðli ráns samkvæmt málaskrá 1999 til 2004, hlutfallsleg dreifing. ....   | 36 |
| Mynd 21. Vopna og ofbeldisbeiting í ránum samkvæmt málaskrá 1999 til 2004, hlutfallsleg dreifing. ....   | 37 |
| Mynd 22. Aldur fórnarlamba rána samkvæmt málaskrá 1999 til 2004, hlutfallsleg dreifing. ....   | 38 |
| Mynd 23. Kyn fórnarlamba samkvæmt málaskrá 1999 til 2004 (fjöldi rána). ....   | 39 |
| Mynd 24. Kyn fórnarlamba samkvæmt málaskrá 1999 til 2004, hlutfallsleg dreifing eftir árum. ....   | 39 |
| Mynd 25. Kyn fórnarlamba samkvæmt málaskrá 1999 til 2004, hlutfallsleg dreifing eftir eðli ráns. ....  | 40 |
| Mynd 26. Eigendur fjármuna sem rænt var og kyn þeirra samkvæmt málaskrá 1999 til 2004, hlutfallsleg dreifing. ....                                 | 41 |
| Mynd 27. Fjöldi eigenda ránsfengs sem jafnframt voru fórnarlömb í ránum samkvæmt málaskrá 1999 til 2004, flokkaður eftir eðli ráns. ....           | 41 |
| Mynd 28. Fjöldi rána í Reykjavík samkvæmt málaskrá 1987 til 1994 og 1999 til 2004. ....  | 42 |
| Mynd 29. Hlutfallsleg meðaldreifing rána í Reykjavík eftir mánuðum samkvæmt málaskrá 1987 til 1994 og 1999 til 2004. ....                          | 43 |
| Mynd 30. Tími sólarhrings sem rán voru framin á í Reykjavík samkvæmt málaskrá 1987 til 1994 og 1999 til 2004, hlutfallsleg meðaldreifing. ....     | 43 |
| Mynd 31. Hlutfallsleg meðaldreifing rána í Reykjavík eftir vikudögum samkvæmt málaskrá 1987 til 1994 og 1999 til 2004. ....                        | 44 |
| Mynd 32. Kyn fórnarlamba við rán í Reykjavík samkvæmt málaskrá 1987 til 1994 og 1999 til 2004, hlutfallsleg dreifing. ....                         | 45 |
| Mynd 33. Aldur fórnarlamba við rán samkvæmt málaskrá 1987 til 1994 og 1999 til 2004, hlutfallsleg dreifing. ....                                   | 46 |

## Töfluskra

|  |    |
|--|----|
| Tafla 1. Fjöldi tilkynntra rána á Íslandi á árunum 1999 til 2004.....          | 13 |
| Tafla 2. Eðli rána samkvæmt málaskrá 1999 til 2004 (fjöldi rána).....          | 17 |
| Tafla 3. Fjárhæð sem hafðist upp úr ránum samkvæmt málaskrá 1999 til 2004..... | 18 |
| Tafla 4. Fjöldi árásmanna. ....  | 21 |
| Tafla 5. Leiðir til að hylja andlit. ....                                      | 32 |
| Tafla 6. Tegundir vopna.....   | 35 |
| Tafla 7. Meðalaldur fórnarlamba flokkaður eftir eðli ráns. ....                | 38 |
| Tafla 8. Fjöldi árásmanna. ....  | 45 |
| Tafla 9. Kyn og fjöldi fórnarlamba. ....                                       | 51 |

## Kortaskrá

|  |    |
|--|----|
| Kort 1. Vettvangur rána á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt málaskrá 1999 til 2004. .... | 19 |
| Kort 2. Tími rána á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt málaskrá 1999 til 2004.....        | 20 |

## Heimildaskrá

*Almenn hegningarlög nr. 252/1940.*

Beirne, Piers og Messerschmidt, J. 2000. *Criminology*. 3. útg. Colorado: Westview Press.

Cohen, Lawrence E. og Felson, M. (1979). Social change and crime rate trends: a routine activity approach. Í *American sociological review*, 44, 588–608.

Conklin, John E. (1995). *Criminology*. 5. útg. Massachusetts: Allyn & Bacon.

Conklin, John E. (1972). *Robbery and the criminal justice system*. New York: J.B. Lippincott Company.

Gill, Martin. (2000). *Commercial robbery. Offenders' perspectives on security and crime prevention*. London: Blackstone Press Limited.

Guðmundur Guðjónsson og Karl Steinar Valsson. (1994). *Rán í Reykjavík 1987 til 1994*. Reykjavík: Lögreglan í Reykjavík.

Helgi Gunnlaugsson. (2000). *Afbrot og Íslendingar: greinasafn í afbrotufræði*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Helgi Gunnlaugsson og Galliher, J.F. (2000). *Wayward Icelanders: punishment, boundary maintenance, and the creation of crime*. Winsconsin: The University of Wisconsin Press.

Hildigunnur Ólafsdóttir og Sigurður Tómas Magnússon. (2003). *Ákvörðun refsingar: rannsókn á refsíákvörðunum vegna manndrápa, rána og líkamsmeiðinga, 1951–2000*. Ritroð 3. Reykjavík: Bókaútgáfa Orators.

Jacobs, Bruce A. og Wright, R.T. (1999). Stick-up, street culture, and offenders motivation. Í *Criminology*, 37(1), 149.

Matthews, Roger. (2002). *Armed robberies*. Crime and society series. Devon Willan Publishing.

Siegel, Larry J. (2003). *Criminology, theories, patterns, & typologies*. 8. útg. Belmont: Wadsworth.

Rouncefield, Peter, (e.d.(a)). *The Routine Activity Approach*. Sótt 17. apríl 2005 af: [http://www.rouncefield.homestead.com/files/a\\_soc\\_dev\\_22.htm](http://www.rouncefield.homestead.com/files/a_soc_dev_22.htm).

Rouncefield, Peter, (e.d. (b)). *The Rational Choice Perspective*. Sótt 17. apríl 2005 af: [http://www.rouncefield.homestead.com/files/a\\_soc\\_dev\\_23.htm](http://www.rouncefield.homestead.com/files/a_soc_dev_23.htm).

Wright, R. T. og Decker, S. (1997). *Armed robbers in action: stickup and street culture*. Boston: Northeastern University Press.

Wright, R. T., Decker, S. Redfern, A. K. og Smith, D.L. (1992). A snowball's chance in hell: doing field research with residential burglars. Í *Journal of research in crime and delinquency*, 29(2),148–157, 159–161.

Zey, Mary. (1998). *Rational choice theory and organizational theory: a critique*. London: Sage publications.